



SKOÐUN Sif Sigmarsdóttir skrifar um hugarburð kvenna, spennitreyjur og önnur gamanmál. **15**



MENNING Crymogea leiðir hesta sína saman við National Geographic og fleiri forlög. **24**



SPORT Þórvaldur Örylgsson er sagður vera efstur á lista hjá ÍA eftir að Þórður Þórðarson hætti með liðið. **30**

HEILSURÆKT & SUND

SUMARTILBOÐ
Mánaðarkort aðeins
kr. 7.490,- **World Class ICELAND**

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
19. júní 2013
142. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Púsund hafa útskrifast
Systurnar Margrét Helga Skúladóttir og Guðrún Eysteinsdóttir eru að koma af stað fyrirtæki sem sérhæfir sig í stafrænni textílprentun. Margrét Helga útskrifaðist nýlega úr Brautargengi og var sú púsundasta sem það gerir. **5**

FRÉTTIR

Engar skyndilausnir
Borgarfulltrúar eru sammála um að ákvarðanir vegna vanda Hellisheiðarvirkjunar verði ekki teknar í bráðlæti. Borgarstjóri segir málið háþólitískt. **4**

Vendipunktur í öryggismálum
Stjórnvöld í Afganistan tóku í gær formlega við stjórn öryggismála í landinu. Stefnir er að því að erlendar hersveitir verði farnar í lok næsta árs. **6**



Bolungarvík	11°	N	6
Akureyri	12°	NV	3
Egilsstaðir	14°	SA	3
Kirkjubæjarkl.	12°	A	4
Reykjavík	14°	N	3

SKÚRIR Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað og víða skúrir einkum A-til en léttir smám saman til SV-lands. Hiti 10-16 stig. **4**

4 SÉRBLÖÐ

Markaður | Stöð 2 | Netverslanir & þjónusta | Fólk

FÓLK
NETVERSLANIR
MARKAÐURINN

Kaupendur fyrstu íbúðar á fertugsaldri

Aldur þeirra sem kaupa sína fyrstu íbúð hefur hækkað á síðustu árum. Hækkun íbúðaverðs er helsta ástæðan. Húsaleiga hefur hækkað og ungt fólk býr lengur heima.

VIÐSKIPTI Hækkandi íbúðaverð hefur haft þær afleiðingar að kaupendur fyrstu íbúðar verða sífellt eldri. Leigumarkaður er sprunginn og fólk býr lengur í foreldrahúsum en áður tíðkaðist.

Þetta er mat Finns Boga Hannessonar, verkefnisstjóra hjá Íslandsbanka. Finnur segir hækkandi íbúðaverð ungu fólki erfitt. „Það er orðið erfiðara að safna fyrir útborgun í fyrstu íbúð,“ segir Finnur og bætir við að ekki sé lengur boðið upp á lánsveð.

Íslandsbanki lét vinna skýrslu um þróun á fasteignamarkaði og var hún borin saman við þróunina á Bretlandi.

Í hverjum árgangi á aldrarskilinu 25 til 35 ára eru að meðaltali 4.500 manns. Þannig eru 4.700 einstaklingar 30 ára í dag. „Þessir stóru árgangar eru að hafa töluverð áhrif á fasteignamarkaðinn því einhvers staðar verður fólk að búa,“ segir Finnur. „Og það er það sem er kannski dálítið að halda verðinu svona háu, það er þessi aldurssamsetning þjóðarinnar.“

„Magnús Árni Skúlason, sem vann skýrsluna, benti á að bresk könnun á vegum Post Office Mortgages hefði varpað ljósi á þá

Að sögn Finns er leigumarkað-



Meðalaldur Breta sem keyptu sína fyrstu fasteign var 28 ár árið 2003 en er 35 ár í dag. Sérfræðingur Íslandsbanka telur ástandið sambærilegt hér á landi.

urinn sprunginn og fólk býr mun lengur í foreldrahúsum en áður var. „Það eru ekki allir sem hafa efni á því að búa í leiguhúsnæði. Enda kannski margir sem búa lengur í foreldrahúsum í því skyni að safna sér fyrir fyrstu eigninni.“ „Það tekur tíma að kaupa sér fasteign,“ segir Finnur að lokum.

Konur eru varkárari en karlar: Staða kvenna nær óbreytt

VIÐSKIPTI Staða kvenna í atvinnulífinu hefur verið óbreytt síðustu ár. Því var nýsköpunarsjóðurinn Svanni endurreistur árið 2011 eftir að hafa legið í dvala í átta ár.

Fram kemur í Markaðnum, sem í tilefni dagsins er til-einkaður stöðu kvenna í viðskiptum og atvinnulífi, að Svanni eigi að hjálpa konum sem búa yfir góðum viðskiptahugmyndum við að hrinda þeim af stað.

Ásdís Guðmundsdóttir, sérfræðingur í atvinnumálum kvenna og umsjónarmaður Svanna, segir rannsóknir sýna að konur séu mun varkárari en karlar í atvinnulífinu og síður tilbúnar að veðsetja eigur sínar.



ÁSDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

- le, óká / sjá Markaðinn

Stefán Máni gerir samning: Húsið verður að kvikmynd

FÓLK Stefán Máni Sigþórsson rit höfundur hefur skrifað undir samning við RVK Studios um kvikmyndaréttinn á skáldsögunni Húsið. RVK Studios er nýtt framleiðslufyrirtæki stofnað af Baltasar Kormáki, Magnúsi Viðari Sigurðssyni og Sigurjóni Kjartanssoni.

„Ég treysti þessum mönnum fullkomlega fyrir verkinu enda hoknir af reynslu,“ segir Stefán Máni. Önnur bók Stefáns Mána hefur þegar ratað á hvíta tjaldid en kvikmyndin Svartur á leik var sýnd á síðasta ári við góðan orðstír. Stefán segir stefnt að kvikmyndatöku á Húsinu árið 2015.



STEFÁN MÁNI SIGÞÓRSSON

- áþ / sjá síðu 34



LANGREYÐUR Á LAND Komið var með fyrstu langreyðina sem veidd hefur verið við Ísland í þrjú ár til hafnar í Hvalstöðinni í Hvalfirði í gær. Nokkrir mótmælendur söfnuðust saman fyrir utan Hvalstöðina á meðan dýrið var flensað. Það var hvalveiðiskipið Hvalur 8 sem veiddi langreyðina en Hvalur 8 og Hvalur 9 fóru til veiða á sunnudagskvöld.

Félagsmálaráðherra segist ætla að láta endurskoða lög um lögheimili: Mun fleiri hjón slíta samvistir

STJÓRNSÝSLA Fjöldi giftra hjóna sem slíta samvistir hefur aukist um 25 prósent frá árinu 2008. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands eru 4.126 gift hjón á Íslandi í dag sem ekki eru skráð í samvist, en þau voru 3.334 árið 2008.

Eins og komið hefur fram undanfarna daga, eftir að Fréttablaðið greindi frá lögheimilisflutningum Dorritar Moussaieff, verða hjón að eiga sama lögheimili. Ef

annað flytur verður að slíta samvistir. Búferlaflutningar landans til útlanda og innanlands eftir efnahagshrunið hafa haft mikil áhrif á þessa þróun, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra mun beita sér fyrir því að lög um lögheimili verði endurskoðuð.

„Þetta fjallar ekki bara um Dorrit því við erum augljóslega með trend í þessum efnunum.“

„Þetta fjallar ekki bara um Dorrit því við erum augljóslega með

ákvæðið trend í þessum efnunum. Því vil ég byggja undir fjölskylduna og hjónabandið og hvetja fólk til að vera í því, ekki ganga úr því.“

- sv / sjá síðu 8

ÆSANDI ÍSLENSK SKÁLDSAGA EFTIR KARL FRANSSON



www.forlagid.is

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

VERÐVAKT RAFHA

KYNNINGARVERÐ KR. **12.990**
35% AFSLATTUR

AEG
AEO-5410 Ryksuga
Öflug 1800W ryksuga með stillanlegu skafti og hraðastýringu

Sjá nánar á bls. 9

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

SPURNING DAGSINS



Pórgímur, kallaði þetta fram tár eða bros?

Mjög snarpa takkaskó ásamt samlandi af hvoru tveggja.

Pórgímur Práinsson var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur á þjóðhátíðardaginn. Hann hefur skrifað fjölmargar barna- og unglingabækur sem hafa notið mikilla vinsælda. Þekktust þeirra er bókinn Tár, bros og takkaskór sem kom út árið 1990.

Hanna Birna segir ekkert því til fyrirstöðu að veita Kristni Hrafnssyni frekari upplýsingar um Snowden:

Ráðherra segir að eitt skuli yfir alla ganga

STJÓRNSÝSLA „Kristinn óskaði eftir fundi með mjög stuttum fyrirvara og við því var orðið með þeim hætti að fulltrúi ráðuneytisins hitti hann samdægurs þar sem var farið yfir með honum hvernig þessu væri háttað og hvernig löggjöfin væri,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra um ummæli Kristins Hrafnssonar, talsmanns Wikileaks, í Fréttablaðinu í gær um viðbragðsleysi íslenskra stjórnvalda í málefnum upplýstrarans Edwards Snowden. Kristinn sagði ráðherra ekki hafa viljað hitta sig milliliðalaust og ræða mál Snowdens.

„Það er auðvitað mjög skýrt að löggjöfin er almenn og á að ganga jafnt yfir alla. Allir eiga að geta treyst því að hún feli ekki í sér mismunun,“ segir Hanna Birna og bætir við að ekkert formlegt erindi eða umsókn um hæli hafi borist íslenskum stjórnvöldum af hálfu Snowden.

Spurð hvort hún muni verða við ósk Kristins og hitta hann milliliðalaust svarar hún: „Ég held að það sé búið að koma skilaðunum ágætlega til hans. En óski Kristinn frekari upplýsinga er ekkert því til fyrirstöðu að verða við því við fyrsta hentugleika.“



KRISTINN HRAFNSSON



EDWARD SNOWDEN



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

- sv



RIO DE JANEIRO Mótmælendur í Rio de Janeiro kveiktu í vegartálum að kvöldi mótmælanna. Þau hafa vakið upp spurningar um öryggisgæslu meðan álfukeppnin í knattspyrnu fer fram í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stærstu mótmæli í áratugi í Brasilíu á mánudag:

Mótmæli í átta borgum Brasilíu

BRASILÍA, AP Ríflega 100 þúsund manns tóku þátt í götumótmælum í átta borgum í Brasilíu á mánudag. Mannfjöldinn vildi mótmæla hárrí skattbyrði sem þykir ekki endurspeglast í gæðum opinberrar þjónustu í landinu. Er þetta ein fjölmennustu mótmælin í Brasilíu í áratugi.

Í Sao Paulo, stærstu borg Brasilíu, söfnuðust um 65 þúsund mótmælendur saman. Sungu þeir mótmælasöngva undir sambasketnum trumbuslætti. Þá mótmælti hópurinn sérstaklega fargjaldahækkun almenningsamgangna.

Mótmælin fóru víðast hvar friðsamlega fram en í Rio de Janeiro, Belo Horizont og Porto Alegre gripu litlir hópar mótmælenda til ofbeldis. Fyrir vikið slösuðust um þrjátíu manns í mótmælunum, þar af tuttugu lögreglumenn.

- mbl

Fundi G8-ríkjanna lokið:

Tekist á um Sýrland hjá G8

NORÐUR-ÍRLAND, AP Fundi leiðtoga G8-ríkjanna svokölluðu, stærsta hagkerfa heims, lauk í Enniskillen í Norður-Írlandi í gær. Umræður um stöðu mála í Sýrlandi tóku mikinn tíma á fundinum en andstætt hinum ríkjum G8-hópsins vilja rússnesk stjórnvöld ekki að Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, fari frá völdum.

Þá settu G8-ríkin sér markmið um samræmingu skattalaga með það fyrir augum að takmarka möguleika stórfyrirtækja á því að nýta sér skattaskjól.

- mbl

Mótmæla stjórnvöldum:

Yfir 11.000 nöfn á sólarhring

PÓLÍTÍK Meira en ellefu þúsund manns höfðu sett nafn sitt á undirskriftarlista í gærkvöld þar sem áætluðum ríkisstjórnarinnar um lækkan veiðigjalds er mótmælt. Undirskriftarsíðan var stofnuð um klukkan eitt á mánudag, 17. júní, sem þýðir að fyrrnefndur fjöldi náðist á rúmum sólarhring.

Verði Alþingi ekki við ósk þeirra sem á listanum eru, að samþykkja ekki frumvarp um breytingar á lögum um veiðigjald, verður listinn afhentur forseta Íslands.

- sv



MINNT Á STJÖRNUFRÆÐINA Næsta verkefni er að vinna í innri hring Heimskautagerðisins, nánar tiltekið í Pólstjörubendinum, en hann er fimm metra há skúlpúr sem hefur það hlutverk að vísa á Pólstjörnuna og minna ferðamenn á gildi stjörnufræðinnar við ferðalög.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Risastórt útilistaverk rís við Raufarhöfn

Stærsta útilistaverk landsins, Heimskautsgerðið, rís óðum á Melrakkaási við Raufarhöfn. Hugmyndin kviknaði þegar Erlingur Thoroddsen, frumkvöðull verksins, velti fyrir sér hvernig hægt væri að efla ferðamannaíðnað á staðnum.

RAUFARHÖFN Heimskautsgerðið, útilistaverkið á Melrakkaási við Raufarhöfn, er farið að taka á sig mynd og tugir ferðamanna koma á hverjum degi til þess að berja verkið augum.

Hugmyndin kviknaði fyrir mörgum áratugum en fyrsti steinninn var lagður 2006 við hátíðlega athöfn og hafa framkvæmdir haldið áfram allar götur síðan. Erlingur Thoroddsen, frumkvöðull verkefnisins, segir erfitt að segja til um hvenær verkinu ljúki.

„Það er allt svo hverfult í þessum heimi. En það skiptir ekki máli hvort það verður innan fárra ára eða margra, verkið kemst upp. Við

ætluðum að klára þetta,“ segir hann ákveðinn.

Hann segir verkið aðallega stranda á fjárveitingum. Nú liggur þó fyrir að Framkvæmdasjóður ferðamála ætla að leggja 25 milljónir í verkefnið og sveitarfélagið hefur skuldbundið sig til þess að leggja fram á móti. Erlingur segir að bæði íslenskir og erlendir ferðamenn heimsæki staðinn, þó ef til vill ívið fleiri erlendir. Heimskautsgerðið er því þegar byrjað að þjóna

→ Fyrsti steinninn í listaverkinu var lagður árið 2006 en óvíst er hvenær verkinu verður fulllukið.

tilgangi sínum sem aðráttarafi til þess að koma Raufarhöfn á kortið sem vinsælum ferðamannastað. - nej



ERLINGUR THORODDSEN

Tyrkneskir mótmælendur koma boðskap á framfæri með friðsömum hætti: Kyrrstöðumótmæli víða um land

TYRKLAND Mótmælin í Tyrklandi tóku á sig nýja mynd í gær þar sem hópur andófsmanna gegn meintu ofríki stjórnvalda stóð einfaldlega grafkyrr á opinberum stöðum í stærstu borgum landsins.

Fyrirmyndin er Erdem Gunduz, sem vakti mikla athygli á samfélagsmiðlum þar sem hann stóð eins og myndastytta í átta klukkustundir á Taksim-torgi í Ístanbul, þar sem rósturnar hófust fyrir um þremur vikum.

„Ég er bara venjulegur borgari. Við viljum að raddir okkar heyrist,“ sagði Gunduz.

Í fyrrinótt notaði lögregla táragas og vatnsbyssur til að hrekja mótmælendur burt úr stjórnarhverfinu.

Til þessa hafa fjórir látist í mótmælunum, þar af einn lögreglumaður, og 7.500 hafa meiðst.

Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra hefur útmálað mótmælendur sem óþjóðalýð og jafnvel hryðjuverkamenn. Ekki sér enn fyrir endann á ófriðnum og Bulent Arinc varaforsetisráðherra gerði því meðal annars skóna að hernum yrði mögulega beitt gegn mótmælendum. Hann dró síðar í land með þær yfirlýsingar.

- þj



EINS OG STYTTUR Margir mótmælendur í Tyrklandi fylgdu fordæmi Erdems Gunduz og stóðu í þögn til að mótmæla ofríki stjórnvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannvirðing

Síðmennt styður opið, víðsýnt og fjölbreytt samfélag

SÍÐMENNT
www.sidmennt.is

kynntu þér málið!

WOW CYCLOTHON

UMHVERFIS ÍSLAND 1332 km / 4

19. – 22. júní, 2013

Fylgdu okkur úr hlaði



Mæting við Hörpu í dag kl. 17

25 lið taka þátt í WOW Cyclothon og ætla að hjóla 1.332 kílómetra umhverfis landið næstu daga. Hjólreiðafólk er hvatt til að **fjölmenna við Hörpu kl. 17 í dag og fylgja keppendum úr hlaði**. Lagt verður af stað kl. 18 og keppendur hjóla í lögreglufylgd frá Hörpu að Ártúnsbrekku. Sýnum stuðning í verki og hjólum með keppendum þennan fyrsta spöl. Ökumenn eru hvattir til að sýna aðgát nálægt keppendum dagana 19. – 22. júní.

Hægt er að heita á liðin á wowcyclothon.is.



mpbankí

EIMSKIP

K R Í A

SPECIALIZED

UTRAMINO



Barnaheill
Save the Children Iceland

Nánari upplýsingar:
wowcyclothon.is
facebook.com/wowcyclothon



Frá vinstri: Helga Dröfn Ragnarsdóttir, vélvirkjanemi; Elsa Þórisdóttir, MBA nemi við HR; Fanney Jóna Gísladóttir, vélvirki; Ingibjörg Gróa Magnúsdóttir, meistaraniemi við HR; Ellen Rós Baldvinsdóttir, viðskiptafræðinemi við HA; Ingibjörg Karlsdóttir, meistaraniemi við HR; Agla Hauksdóttir, viðskiptafræðinemi við HA; Freyja Y. Ómarsdóttir, Háskólabrú HR og Berglind Leifsdóttir, rafvirki.

Til hamingju með daginn í dag konur!

Allt frá upphafi hefur Alcoa Fjarðaál lagt áherslu á jafnt kynjahlutfall innan fyrirtækisins. Þær konur sem þar starfa sinna fjölbreyttum störfum og vinna af krafti að uppbyggingu og þróun stærsta fyrirtækis á Austurlandi.

Á fjórða tug kvenna hefur með einhverjum hætti bætt við sig námi meðfram störfum sínum og hefur fyrirtækið lagt þeim lið og stutt þær til góðra verka.

Fjarðaál býður í kvennakaffi í dag kl. 17:00 í tilefni Kvinnadagsins. Allar konur velkomnar.

Fyrir samfélagið og komandi kynslóðir.

TILBOÐSDAGAR!

30% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM
15% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU



Matar- og kaffistell ásamt munnblásum og handunninni yfervöru frá LSA.

Krús 4.700,-
nú 3.995,-



Kanna 8.300,-
nú 7.055,-



Blómavasi 4.800,-
nú 4.080,-



Diskur m/hjálmí 8.500,-
nú 6.800,-



Diskur m/hjálmí 13.200
nú 11.220,-



Kökudiskur 9.900,-
nú 8.415,-



Krús m/loki 7.800,-
nú 6.630,-



Skál 8.300,-
nú 7.055,-



Karafka 7.900,-
nú 6.715,-



Skál 11.500,-
nú 9.775,-



Skálar 4stk. 11.400,-
nú 9.690,-



Bakki 11.500,-
nú 9.775,-



Litlar skálar m/skeið 2. stk. 7.400,-
nú 6.290,-



HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16.

LÖGHEIMILISFLUTNINGAR HJÓNA

4.126 hjón hafa slitið samvistir

Hjónum sem slitið hafa samvistir á pappírnum hefur fjölgað um fjórðung síðan eftir hrun. Giftum hjónum hefur fjölgað um 2,5 prósent. Búferlaflutningar maka sennilegasta skýringin, en gift hjón verða að hafa sama lögheimili. Ráðherra vill endurskoða lög um lögheimili.

Sunna Valgerðardóttir

sunna@frettabladid.is

Ólöf Skaftadóttir

olof@frettabladid.is

Fjöldi giftra hjóna sem slíta samvistir hefur aukist um 25 prósent frá árinu 2008. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands eru 4.126 gift hjón á Íslandi í dag sem ekki eru skráð í samvist, en þau voru 3.334 árið 2008. Á sama tíma hefur giftum hjónum fjölgað um 2,5 prósent.

Eins og komið hefur fram í fréttum undanfarna daga verða gift hjón að eiga sama lögheimili. Ef annað flytur verður parið að slíta samvistir á pappírnum. Búferlaflutningar landans erlendis og innanlands eftir efnahagshrunið hefur haft mikil áhrif á þessa þróun, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá.

Tugmilljarða eignir

Mikið hefur verið fjallað um lögheimilisflutninga Dorritar Moussaieff undanfarna daga. Eins og komið hefur fram færði Dorrit lögheimili sitt frá Bessastöðum til Bretlands í desember í fyrra.

Dorrit sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins á laugardag þar sem fram kom að hún hefði ákveðið að flytja lögheimili sitt til Englands þegar horfur voru á að eiginmaður hennar yrði ekki lengur forseti. Hún hefði þá viljað geta sinnt störfum sínum í

London frekar, einkum í ljósi þess að foreldrar hennar, sem stjórnað hafa fjölskyldufyrirtækinu, væru háaldraðir.

Dorrit sagði við fréttastofu RÚV um helgina að lög í Bretlandi geri ráð fyrir að sá sem dvelji yfir 90 daga á ári þar í landi sé sjálfkrafa búsettur þar. Eignir Moussaieff-fjölskyldunnar eru metnar á tugi milljarða króna, en forsetahjónin hafa þó ekki greitt neinn auðlegðarskatt hér á landi.

Fasteign til umráða eitt atriði

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir ýmsar reglur liggja til grundvallar varðandi skattinnheimtu íslenskra ríkisborgara. Hann nefnir þar hina svokölluðu 183 daga reglu; sem er fjöldi dvalardaga á landinu.

„Ef þú dvelur hér minna en 183 daga á ári þá kemur til greina að skattleggja þig annars staðar,“ segir hann. „Svo skiptir líka máli hvort viðkomandi njóti þjónustu hér og hvort hann sé í þannig stöðu hér á landi sem geri hann mjög tengdan landinu, hvort hann sitji í stjórnnum fyrirtækja eða eitthvað slíkt. Umráð fasteigna á Íslandi spilar einnig þátt í þessu.“

Ólafur og Dorrit festu kaup á glæsilegu einbýlishúsi í Mosfellsbæ árið 2011, en Dorrit er þó ekki skráð fyrir húsnæðinu. Fyrirtækið Dorrit ehf. er undir hennar nafni og kennitölu en samkvæmt fyrir-



EEKKI EINSTAKT DÆMI Breyting á hjúskaparstöðu forsetahjónanna er langt frá því að vera einsdæmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

tækjaskrá fellur starfsemin undir smásölu á úrum og skartgripum í sérvverslunum.

Bendir á dóm Hæstaréttar

Skúli vill ekki tjá sig um einstök mál en bendir á dóm Hæstaréttar síðan í desember síðastliðnum þar sem Jóni

Ólafssyni athafnamanni var gert að flytja lögheimili sitt frá Bretlandi til Íslands á grundvelli skattalaga. Hæstiréttur dæmdi hann því til að vera skattlagðan hér á landi.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að Jón hafi verið heimilisfastur og borið fulla og ótakmarkaða skatt-

skyldu hér á landi frá 1. september 1998 til 31. desember 2001. Hann krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra frá árinu 2003 um að Jón hafi skattalegt heimilisfesti á Íslandi yrði ógiltur. Meðal ástæðna voru þær sem Skúli nefndi hér að ofan.

Lög um lögheimili verði endurskoðuð

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir tímabært að endurskoða lög um lögheimili.

„Miðað við þessa frétt segir Þjóðskrá að þetta hafi verið gert í töluverðan tíma. Eitt af þeim mörgu verkefnum sem bíða þessarar ríkisstjórnar er að endurskoða þessi lög í samræmi við hvernig samfélagi við lífum í,“ segir hún. „Þetta fjallar ekki um Dorrit því við erum augljóslega með ákveðið trend í þessum efnum og því vil ég byggja undir fjölskylduna og hjónabandið til að hvetja fólk til að vera í því, ekki ganga úr því.“

Eygló mun leggja fram þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu í haust sem hún segir að muni vinna þvert út frá þeirri hugsun að gera

samfélagið fjölskylduvænt. „Við eigum frekar að styðja við fjölskyldurnar en að hvetja þær til að slíta samvistum tímabundið.“

Eygló skrifaði grein á mánudag þar sem hún spyr meðal annars hvort fjölskyldur séu aðeins fjölskyldur ef þær séu með sameiginlegt heimili.

„Það sem flækir þetta er að fjölmörg réttindi og skyldur eru tengd lögheimili líkt og komið hefur fram í umræðunni um forsetafrú okkar. Skoða þyrfti það samhliða breytingum á lögum um lögheimili,“ segir Eygló. „Kannski, eftir nokkur ár, munum við geta horft til baka og þakkað Dorrit og hennar háöldruðu foreldrum fyrir að opna umræðuna. [...]“



“**Kannski, eftir nokkur ár, munum við geta horft til baka og þakkað Dorrit og hennar háöldruðu foreldrum fyrir að opna umræðuna.**”

Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra

→ Giftir í samvistum

2008	2013	↑
102.138	104.686	2,5%

→ Giftir ekki í samvistum

2008	2013	↑
3.334	4.126	25%

Heimil: Hagstofa Íslands

SLÍTUR FJÖLSKYLDUNA Í SUNDUR

Sólveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þjóðskrárvíðs Þjóðskrár, benti á í umfjöllun Fréttablaðsins um málefni Þjóðskrár í apríl síðastliðnum að fjölmörg dæmi væru um það að hjón þurfi að slíta samvistir einfaldlega vegna þess að annað flyst búferlum vegna vinnu, sérstaklega eftir efnahagshrunið. Búferlaflutningar til Noregs séu gott dæmi um það.

„Tilvikin sem við sjáum hérna er að fólk er að slíta samvistir til að geta séð fjölskyldunni farborða, hvort sem það flyst út á land eða til útlanda til að stunda atvinnu,“ segir hún. „Þarna ætti löggjafinn að breyta einhverju. Ætti þetta að vera ófrávikjanleg krafa frekar en að reyna að leysa málin öðruvísi en að slíta fjölskylduna í sundur?“

→ Forsetahjónin ekki lengur samsköttuð

Hjón sem hafa slitið samvistir fá ekki sameiginlegt skattframtal. Þau geta þó valið um að telja fram hvort í sínu lagi allt árið eða að telja sameiginlega fram til skilnaðardags en hvort í sínu lagi frá þeim degi til ársloka. Þetta kemur fram á heimasíðu ríkisskattstjóra. Dorrit og Ólafur eru því ekki lengur samsköttuð samkvæmt lögum, eins og þau voru þegar þau voru skráð sem hjón í samvistum.

Í 37. grein í kafla um hjónaskilnaði í hjúskaparlögum segir að þegar hjón hafi slitið samvistir vegna ósamlyndis geti hvort þeirra krafist lögskilnaðar þegar samvistarslit hafi staðið í tvö ár hið skemmsta. Venjulegt ferli lögskilnaðar er þrjúþætt; slit á samvistum, skilnaður að borði og sæng og svo lögskilnaður.

EEKKI SAMSKÖTTUÐ Hjón sem hafa slitið samvistir eru ekki samsköttuð líkt og lög kveða á um þegar um hjón með sama lögheimili er að ræða.



El Injerto
FRÁ BÝLI Í BOLLA
Litrikt kaffi beint frá kaffibóndanum Arturo í Gvatemala

Kaffitár
kaffitar.is Kaffitár án krókaleda

1400 SNÚNINGA
6 KG
AAB EINKUNN



KYNNINGARVERÐ KR. 79.900
SPARAÐU 30.000

ZANUSSI Zanussi er dótturmerki Electrolux

- ZWG-5140P Þvottavél**
Frábær ný heimilissvél frá Zanussi á ótrúlega hagstæðu verði með hraðvali á algengum kerfum.
- ✓ 1400 snúninga stillanlegur vinduhráði.
 - ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
 - ✓ 3/6/9 klst framstillt ræsing.
 - ✓ Tekur allt að 6 kíló af tauti.
 - ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhráða.
 - ✓ XXL stór hurð - auðveld í notkun.
 - ✓ Fullt verð kr. 109.900.



6 KG
BARKALAUS
RAKASKYNJARI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 79.900
SPARAÐU 20.000

ZANUSSI

- ZTE-130 Barkalaus þurrkari**
Barkalaus þéttþurrkari með rakaskynjara
- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
 - ✓ 4 mismunandi þurrkerfi.
 - ✓ Stór lúga 43x33 cm.
 - ✓ Val um tvö mismunandi hitastig fyrir viðkvæman og venjulegan þvott.
 - ✓ Tromla snýst til beggja átta.
 - ✓ Krumpuvörn.
 - ✓ Niðurkæling í lokin.
 - ✓ Fullt verð kr. 99.900.

Electrolux

- EN-3441AOW/AOX Kæli- og frystiskápur**
Glæsilegur og vel búinn skápur í alla staði með sjálfvirkri afhrimingu í kæli- og frysti.
- ✓ 100% afhriming í frysti. Sparar orku og fyrirhöfn og maturinn geymist betur án frostsKemmda.
 - ✓ TwinTech tækni - meiri loftgæði við kælingu.
 - ✓ FreshZone 2-3°C skúffa fyrir kjöt, fisk, álegg.
 - ✓ Flöskurekki, glerhillur og LED lýsing.
 - ✓ HxBxD: 185 x 59,5 x 63 cm.
 - ✓ Fullt verð kr. 159.900 / 169.900.



144 CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 64.900
SPARAÐU 10.000



185 CM HÁR
1°C FRESH-ZONE
LED LÝSING
NO FROST

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 119.900
SPARAÐU 40.000 **HVÍTT**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 129.900
SPARAÐU 40.000 **STÁL**

exquisit
GS-175A Frystiskápur
Flottur 175 lítra frystiskápur með 5 skúffum.
✓ HxBxD: 144 x 55 x 58 cm.
✓ Fullt verð kr. 74.900.

Electrolux

- EMM-21000W Örbylgjuofn**
Fallegur 800W 21 lítra örbylgjuofn með 6 örbylgjustillingum og 0-35 mín klukku.
- ✓ Affrýsting.
 - ✓ Snúningisdiskur 27 cm.
 - ✓ HxBxD: 28,7x48,5x42,2 cm.
 - ✓ Fullt verð kr. 24.990.



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 19.990
20% AFSLÁTTUR

ÖLL SM ÁTÆKI FRÁ
Electrolux
20% AFSLÁTTUR



Gildir ekki um ryksuger.

AEG

- F-45010WO/MO Uppþvottavél**
Vel búnar AEG gæðavélar sem fást bæði í stáli eða hvítu.
- ✓ 5 þvottakerfi m.a. hraðkerfi, sjálfvirk kerfi, erfiðskerfi og forskolun.
 - ✓ Hitastig 45-70°C.
 - ✓ A/A/A einkunn fyrir.
 - ✓ LED skjár með niðurtalningu.
 - ✓ Aðeins 47 dB(A) hljóð.
 - ✓ HxBxD: 82-88 x 59,5 x 57 cm.
 - ✓ Fullt verð 129.900/139.900.



AAA EINKUNN
HLJÓÐ-LÁT
HRÁÐVAL
STÁL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 109.900
SPARAÐU 30.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 30.000

HVÍT



SPANSUDA
POWER BOOST
SNERTI-TAKKAR
BARNALÆSING
XXL HELLA

AEG
HK-634200XB Spanhelluborð
Með fjórum Power Boost spanhellum þ.á.m. ein XXL hella. Stop&Go aðgerð og klukka.

- ✓ Orkusparnaður, meiri nákvæmni, léttari þrif og allt að 50% tímasparnaður með spansuðu.
- ✓ Snertitakkar fyrir hverja hellu og barnalæsing.
- ✓ Gatmál í borðplótu 56 x 49 cm.
- ✓ Fullt verð 149.900

KYNNINGARVERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 50.000

TOPP MERKJAVARA Á BOTNVERÐI
VERÐVAKT RAFHA



1800W MÓTOR
8M VINNU-RADIUS

KYNNINGARVERÐ KR. 12.990
35% AFSLÁTTUR

%
VERÐVAKTIN
Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!

AEG
AEO-5410 Ryksuga
Óflug 1800W ryksuga með stillanlegu skafti og hraðastýringu.

- ✓ Air Clean öragnasia.
- ✓ Hægræsing - sprengir ekki öryggið.
- ✓ 8 metra vinnuradius.
- ✓ Innbyggð fylgihlutageymsla.
- ✓ Notar S-Bag örtrefjapoka sem fást víða.
- ✓ Lóðrétt & lárétt geymslustaða.
- ✓ Fullt verð 19.990.



FYLGIR

Electrolux
ZB-2805 Létrýksuga
Ný Unirapido létrýksuga með 50% meiri seghrafti en áður.

- ✓ Hlaðanleg í hleðslustandi.
- ✓ Stór rykgeymir - enginn poki.
- ✓ 18 volta spennu.
- ✓ Hleðsla endist í 20 mínútur.
- ✓ Mótordrifið munstykki með bursta.
- ✓ Cylonic sía sem mettað ekki.
- ✓ Fullt verð kr 18.990.

DOMO
DO-9071KR Hrærivél Megapakki
Þessi kraftmikla hrærivél með 1000W mótör, ræður vel við að hnoða allt að tvö kíló í einu.

- ✓ 1000W hljóðlátur hágæðamótör.
- ✓ 8 hraðastillingar.
- ✓ Heldur sama styrk þó meira bætist í skálina.
- ✓ Hnoðari, þeytari og hrærari fylgir.
- ✓ Grænmetisskeri með þremur tromlum fylgir.
- ✓ Hakkavél með þremur kjötskífum.
- ✓ Fullt verð kr 59.900.

KYNNINGARVERÐ KR. 39.900
SPARAÐU 20.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 14.990
SPARAÐU 4.000

Rafha ehf

Opið | Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
virka daga 9-18 | Sími 5880500
laugardaga 11-17 | www.rafha.is

Teknar með kókaín í farangri: Stúlkurnar enn í gæsluvarðhaldi

TÉKKLAND Gæsluvarðhald yfir tveimur stúlkum, sem sitja í fangelsi í Prag í Tékklandi eftir að kókaín fannst í farangri þeirra, hefur verið framlengt fram í ágúst.

Faðir annarrar stúlkunnar sagði í samtali við Vísi að fjölskyldan fengi litlar sem engar upplýsingar frá lögreglunni.

Hörð viðurlög eru við eiturfjasmýgli í Tékklandi og geta stúlkurnar átt yfir höfði sér allt að 18 ára fangelsi.

Gríðarlegur vöxtur er hjá íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Meniga í Evrópu: Selja hugbúnaðinn til tólf landa

TÆKNI Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Meniga hefur selt heimilisfjármálhugbúnað sinn til tólf landa, nú síðast til Póllands. Þannig bættust í hópinn um það bil þrjár milljónir nýrra notenda.

Meniga er markaðsleiðandi í þróun og sölu heimilisfjármála- og fjármálhugbúnaðs fyrir banka og fjármálafyrirtæki og lausnir félagsins eru nú aðgengilegar í gegnum sjö netbanka víðs vegar um heiminn.

Notendahópur heimilisfjármálhugbúnaðarins eru nú um

það bil tíu milljónir manna. Georg Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Meniga, er að vonum ánægður með árangurinn. „Við höfum vaxið mjög hratt, sem er ánægjulegt. Í fyrra myndi ég segja að við hefðum breyst úr sprötafyrirtæki í stöðugan rekstur,“ segir Georg.

Tekjur fyrirtækisins voru 400 milljónir í fyrra. „Við sjáum fram á að tvöfalda þessa upphæð í ár. Samhliða þessu höfum við svo verið að bæta við okkur starfsfólki. Þeir eru um 45 hjá okkur núna. Það er



„Við höfum vaxið mjög hratt, sem er ánægjulegt.“
Georg Lúðvíksson
framkvæmdastjóri
Meniga.

þreföldun á einu og hálfu ári,“ segir Georg jafnframt. „Við gerum ráð fyrir að það verði um það bil sjötíu starfsmenn hjá Meniga í lok þessa árs,“ bætir Georg við.

31 lét lífið í árás í Bagdad: Sprengdu sig í loft í mosku

ÍRAK Að minnsta kosti 31 féll og tæplega sextíu særðust í sjálfsmorðssprengingu í mosku síta í Bagdad í Írak í gær.

Tveir vopnaðir menn réðust inn í moskuna á meðan á bæna-stund stóð og skutu öryggisverði til bana. Þeir sprengdu sig síðan í loft upp með fyrrgreindum afleiðingum.

Ofbeldi milli síta og súnníta í Írak hefur færst í aukana undanfarið. Í fyrradag týndu tólf lífinu og yfir fimmtíu særðust í árásunum.



Þú kemst lengra á grænum bíl með Ergo

Það er gaman að fá sér grænan bíl.

Í júní verður það enn skemmtilegra því með fjármögnun á grænum bílum fylgir 20.000 kr. inneignarkort frá N1.*

Gott fyrir þig, umhverfið og okkur öll.

Aðstoðum með ánægju!

* Gildir í júní 2013 fyrir græna bíla ef upphæð fjármögnunar er 1 milljón eða hærrí.



Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

ergo



HARPA Á árinu 2012 námu fasteignagjöld Hörpu tæplega 340 milljónum króna. Umtalsverð lækkun á fasteignamat gæti því skilað sér í tugmilljónalækkun gjalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fasteignamat Hörpu sagt vera fráleitt

Tekist var á um það í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær hvort dómkvaddir matsmenn ættu að leggja mat á markaðsvirði Hörpu. Deilt er um úrskurð yfirfasteignamatnefndar. Fasteignamatíð er 22 milljarðar.

DÓMSTÓLAR Lögmennt Portusar annars vegar og Reykjavíkurborgar og Þjóðskrár Íslands hins vegar eru ekki á einu máli um nauðsyn þess að kalla til dómskvadda matmenn til að meta markaðsvirði Hörpu. Tekist var á um málið í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Víðir Smári Petersen héraðsdómsslögmaður, sem flutti málið fyrir hönd Portusar, sagði ljóst að fasteignamat Hörpu upp á 22 milljarða króna væri „fráleitt“. Víðurkennt væri að fasteignamat ætti eftir því sem kostur er að endurspeglar markaðsvirði fasteigna. Himinn og haf væru á milli virðismats sem Portus hefði fengið PwC og Capacent til þess að vinna, en samkvæmt því er markaðsvirðið sex til sjö milljarðar króna.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Reykjavíkurborgar, og Einar K. Hallvarðsson, lögmaður Þjóðskrár, báru hins vegar að ekkert væri unnið með því að dómskvaddir matsmenn mætu virði Hörpu. Deilan snerist um það hvort yfirfasteignamatnefnd hefði farið að lögum þegar hún kvað upp úrskurð sinn um fasteignamat Hörpu. Byggingin væri einstök og ekki hægt að finna á hana markaðsvirði.

Þannig sagði Einar að jafnvel þótt matsgerð sýndi lægra mat þá væri vafi á því að eitthvað mætti úr því lesa um hvort aðferðafræði Þjóðskrár hefði verið röng. Sagði hann mikla sérstöðu hússins gera það að verkum að „markaðsleiðrétt kostnaðarmat“, sem beitt hefði verið við aðferðina, væri rétta leiðin.

Vilhjálmur áréttaði einnig að



„Það er ósanngjarnt að miða við byggingarkostnað sem endurspeglar ekki raunverulegt virði byggingarinnar.“

Víðir Smári Petersen
héraðsdómsslögmaður

matsaðferðin væri undir í málinu. „Stenst aðferðin fyrir dómi eða stenst hún ekki? Það er erfitt að sjá hver er þýðing matsbeiðni og matsgerðar í þessu máli,“ sagði hann fyrir dómi í gær.

Víðir Smári vísaði hins vegar einnig til þess að heimildir málsaðila í einkamálum til að kalla til matsmenn væru mjög ríkar og vísaði í fjölda mála því til stuðnings. Fráleitt væri að styðjast í jafnmiklum mæli og gert hefði verið við byggingarkostnað Hörpu, sem hefði enda aukist mjög vegna hrunsins. Upphaflega var gert ráð fyrir að húsið ætti að kosta 12 milljarða, en endanlegur kostnaður var nær 28 milljörðum króna.

„Það er ósanngjarnt að miða við byggingarkostnað sem endurspeglar ekki raunverulegt virði byggingarinnar,“ sagði Víðir Smári fyrir dómi. Þá benti hann á að stefnandi sjálfur bæri af því hallann ef niðurstaða matsins leiddi ekki til neins.

Til nokkurs er að vinna fyrir Portus að fá fasteignagjöldin lækkuð, en gjöldin fyrir 2012 námu 340 milljónum króna. olikr@frettabladid.is

BÍLA KAFFI

VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG



NISSAN QASHQAI DÍSIL 4.990 þús. kr.

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá 4,6 l/100 km*



RENAULT MEGANE SPORT TOURER, SJÁLFSKIPTUR DÍSIL 3.890 þús. kr.

Fullvaxinn fjölskyldubíll sem fer hringinn á einum tanki.

Eldsneytisnotkun frá 3,7 l/100 km*



SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR 5.390 þús. kr.

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp“ búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá 5,5 l/100 km*



NISSAN JUKE 3.990 þús. kr.

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar. Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá 5,2 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

HEIMURINN



Enn leitað að Hoffa

1 BANDARÍKIN Alríkislögreglan í Bandaríkjunum hefur hafið uppgröft á landspildu rétt utan við Detroit í von um að finna lík verkalýðsforkólfsins Jimmy Hoffa.

Hoffa hvarf sjónum árið 1975, en hann hafði lengi verið grunaður um tengsl við skipulagða glæpastarfsemi. Síðan þá hafa ótal kenningar verið á lofti um afdrif hans, en líkið ekki fundist.

Nú reiðir lögregla sig á frásögn glæpamanns sem sagðist hafa áreiðanlegar upplýsingar um hvað varð um Hoffa. Átti hann að hafa verið grafinn undir steinsteypri stétt í útjaðri Detroit. Í gær hafði þó leitinn ekki enn borið árangur.

Harmleikur í útför

2 PAKISTAN Talibanar í Pakistan eru taldir bera ábyrgð á sjálfsmorðs-sprengjuárás þar sem 27 létust og tugir særðust.

Sprengjumaður hljóp inn í hóp syrgjenda í útför í nágrenni við borgina Peshawar og sprengdi sig í loft upp með fyrrgreindum afleiðingum. Þingmaður einn, sem talinn var vera skotmark talibana, er meðal þeirra látnu.

Þetta er mesta mannfali í Pakistan síðan í þingkosningunum fyrir rúmum mánuði og undirstrikar hve ótryggt ástandið er í Pakistan um þessar mundir.

Landflóttastreyma til ESB

3 EVRÓPA Aðildarríki Evrópusambandsins tóku alls 102.700 flóttamenn undir verndarvæng sinn á síðasta ári. Það er fjórðungsaukning frá árinu áður þegar um 85.000 flóttamenn fengu vernd.

Flestir flóttamannanna komu frá Sýrlandi, Afganistan og Sómalíu.

Alls sóttu rúmlega 400.000 flóttamenn um hæli í ríkjum ESB árið 2012.

Smíðavöllunum fylgir timburilmur



ALLT SKEMMTILEGT NEMA FLUGURNAR Weronika sýnir trébát sem hún smíðaði á smíðavöllunum við Árbæjarskóla þar sem allt ilmar af timbri. „Ég er búin að slá hamri tvisvar í puttann á mér,“ segir hún en þvertækur samt sem áður fyrir að það sé stórhættulegt að taka þátt í námskeiði á smíðavöllum. Krakkarnir hafa byggt kofa en að sögn Weroniku komu stórir krakkar og skemmdu tvo kofa eina nóttina. „Það er allt skemmtilegt við smíðavöllina,“ segir þessi unga dama. „Nema flugurnar,“ bætur hún við og bandar frá sér hendinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MYNDARLEGUR

www.landrover.is



ABOVE AND BEYOND



NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12-16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla disilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á www.landrover.is



BL ehf
 Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
 525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
 Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
 421 8808

Bílasalan Bílás
 Akranesi
www.bilas.is
 431 2622

Bílasala Akureyrar
 Akureyri
www.bilak.is
 461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
 Egilsstöðum
www.bva.is
 470 5070

Veði LAGERINN outlet

MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELÐRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS

2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI

VEIÐIVESTI

FRÁ
1.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ
299,-

ÓDÝRT!



SPÚNAR

Frábært úrval.



ÓDÝRT!

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ
14.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



AÐEINS
12.995,-

ÓDÝRT!

DAM TASLAN VÖÐLUR



AÐEINS
16.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR



VERÐ FRÁ
4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUHJÓL

Gott úrval.

AÐEINS FRÁ
9.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR

20% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ



VEIÐISTANGASETT

Mikið úrval. 20% afsláttur.

VERÐ FRÁ
1.995,-

ÓDÝRT!

VEIÐITÖSKUR

- á góðu verði



VERÐ FRÁ
2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



KASTHJÓL

- í miklu úrvali.

AÐEINS
9.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR



VERÐ FRÁ
8.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

VÖÐLUSKÓR

Ýmsar gerðir.



ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR

30 TIL 50% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ

AÐEINS
3.895,-

ÓDÝRT!



VEIÐIKASSAR

Bleikir, bláir og grænir.

FRÁ
4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ


KASTSTANGIR

Mikið úrval!




FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI

Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ
895,-

ÓDÝRT!



LETINGJAR

KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

SJÁÐU TILBOÐIN Á



Umhugsunarverð þjóðhátíðarræða forsætisráðherra:

Svart og hvítt

Það er ánægjuleg tilbreyting að innihaldið í þjóðhátíðarræðu forsætisráðherra á 17. júní sé nógu krassandi til að fólk nenni að hafa á því skoðun. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sló hressilegan, þjóðernissinnaðan tón sem er skemmtilega retró – að mörgu leyti hefði ræðan getað verið frá því fyrir 40-50 árum. En auðvitað voru umfjöllunarefni að stærstum hluta viðfangsefni dagsins, þótt þau væru sett inn í gamalkunnugan ramma sem þjóðin þekkir vel. Það er ástæða til að staldra við að minnsta kosti tvennt í ræðu forsætisráðherrans.

Annars vegar stappaði hann stálinu í þjóðina og sagði að sjálfs-traust hennar hefði skapað velferð hennar. „Framfarasaga Íslands mun halda áfram ef við missum ekki trúna á okkur sjálf.“ Það er þörf brýning, en samt er hollt að muna hvað það er stutt síðan oftrú á víkingaarfleifðinni kom okkur í mjög umtalsverð vandræði. Við trúðum því sjálf

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



– enda voru margir, til dæmis forseti vor, duglegir að segja okkur það – að við stæðum öðrum þjóðum bókstaflega erfðafræðilega framfar í viðskiptasnilli. Svo fór það eins og það fór.

Það var ekkert sérstaklega margt í þjóðhátíðarræðunni sem benti til að forsætisráðherrann byggji yfir þeirri sjálfsgagnrýni fyrir þjóðarinnar hönd sem hlýtur enn að vera nauðsynleg, svo skömmu eftir að við fórum flatt á eigin drambi.

Hins vegar varð Sigmundi tíðrætt um fullveldið; hann sagði að í framhaldi af að menn fóru að efast um hetjuútgáfu Hriflu-Jónasar af Íslandssöggunni hefði fullveldið jafnvel verið dregið í efa. „Hugmyndin um fullveldi byggist á því að menn trúu því raunverulega að íslensku þjóðinni farnist best þegar hún ræður sér sjálf og hafi full yfirráð yfir auðlindum sínum og örlög sín í eigin höndum.“ sagði forsætisráðherrann og rifjaði líka upp að á tíma þegar fáein ríki réðu mestöllum heiminum, hefði fámenn þjóð trúað að hún ætti að vera sjálfstæð og njóta sama réttar og milljónaþjóðirnar.

Vandinn við fullveldisumræðuna er að margir neita að horfast í augu við að Ísland er alls ekki fullvalda, í þeim skilningi að við höfum örlög okkar algjörlega í eigin höndum. Vegna hnattvæðingar í viðskiptum, stjórnmálum, hernaðartækni og upplýsingatækni er varla nokkurt ríki fullvalda í þeim gamla skilningi. Nágrennaríki okkar, milljónaþjóðirnar og gömlu nýlenduveldin þar á meðal, hafa brugðizt við þeirri fullveldisskerðingu með því að leita alþjóðlegra lausna á alþjóðlegum vandamálum í æ nánara samstarfi.

Svo eru aðstæður sem gera að verkum að fullveldi Íslands er sérstaklega skert. Í gegnum EES-samninginn tókum við til dæmis við löggjöf ESB án þess að hafa teljandi áhrif á hana. Í farvatninu eru EES-reglur sem brjóta gegn stjórnarskrá ef ekkert verður að gert.

Landvarnir eru kjarninn í hinu hefðbundna fullveldishugtaki. Ríki sem getur ekki varið landsvæði sitt er ekki fullvalda. Það verkefni höfum við þó lengi falið öðrum. Utanríkisráðherrann fór til Brussel um daginn og þakkaði bljúgur fyrir að önnur ríki væru til í að sjá um loftrýmisgæzlu á Íslandi. Sum bandalagsríki okkar í NATO myndu telja slíka tilhögun grófa skerðingu á fullveldi sínu.

Það myndi hjálpa fullveldisumræðunni ef menn hættu að reyna að stilla því þannig upp að í dag sé Ísland fullvalda og eitthvert vont fólk úti í heimi og heima fyrir sé að reyna að kollvarpa fullveldinu. Staðan er ekki svo svört og hvít.

En það var reyndar heldur ekki margt í ræðu forsætisráðherrans sem benti til að hann áttaði sig á því.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hárrétt hjá Vigdís
Útgjöld ríkissjóðs hafa verið í deiglunni síðustu vikuna eftir að forsvarsmenn stjórnarinnar kynntu endurmat sitt á stöðu mála, og margt skrafað um hvar ætti að skera niður í rekstrinum. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjármálanefndar, sagði í viðtali á Bylgjunni í gær að allt ætti að vera undir í þeim málum og það er hárrétt hjá henni. Aðhalds er sannarlega þörf og velta ætti við öllum steinum í þeirri viðleitni að draga úr soun á skattpeningum. Þegar hún skammaði síðustu stjórn fyrir að blása út ríkisbáknið með fjölgun opinberra starfa, skaut hins vegar eilítið skökku við.

Framsókn og stefnufestun
Vigdís segir muninn á vinstri stefnu annars vegar og mið- og hægri stefnu hins vegar birtast meðal annars í andstöðu Framsóknarflokksins við að fjölga opinberum störfum, og hinar „kratísku áherslur“ að stækka ríkisbáknið. Þó er það svo að þegar

Framsóknarflokkurinn var síðast í ríkisstjórn þandist „báknið“ út sem aldrei fyrr og sem dæmi fjölgaði störfum hjá ríkinu um tæpan þriðjung á árunum 2000 til 2008.



Rétt fólk á réttum stað
Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra skipaði fyrir skemmstu sína fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þar vakti athygli að allir fjórir höfðu gegnt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Þetta leggur aldeilis línurnar fyrir framhaldið og verður fróðlegt að sjá hverju framfer, til dæmis í kosningu Alþingis á stjórn RÚV, en eins og kunnugt er lét Illugi það verða eitt sitt allra fyrsta verk að tryggja að stjórnarmálmenn misstu ekki yfirráðin á því sviði.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Mér finnst rigningin góð!

HJÁLPARSTARF



Bjarni Gíslason
upplýsingafulltrúi
Hjálparstarfs
kirkjunnar

Það voru brosandir og dansandi börn á Skerpluhátíð leikskólans Mýri í Skerjafirði 13. júní síðastliðinn. Fyrir utan að dansa við dynjandi tónlist, róla sér og leika í öðrum leiktækjum var vinsælt að skrúfa frá krana á viðartunnu sem tengd var við þakrennu leikskólans. Sem betur fer hafði rigningin verið að tunnan var full af vatni og hægt að fylla fötur af vatni og leika sér. Einn og einn fékk sér meira að segja að drekka.

Börnin höfðu áður séð myndir og fengið fræðslu um stöðu barna í Úganda sem hafa ekki aðgang að hreinu vatni og hvernig vatnstankur sem safnar rigningvatni breytir aðstæðum til hins betra. Í fræðslunni var spurningunni „Hver hefur skrúfað frá vatnskranu í dag?“ varpað fram og margar hendur fóru á loft og margir kölluðu „Það gerði ég, ég líka“. Í framhaldinu var upplýst að mörg börn til dæmis í Úganda hafa ekki krana til að skrúfa frá, heldur þurfa þau að fara langar leiðir til að sækja vatn, oft óhreint vatn.

Hjálparstarf kirkjunnar reisir hús og vatnstanka fyrir börn sem hafa misst foreldra sína úr alnæmi og einstæðar mæður sem lifa með sjúkdómnum. Viðartunnan góða sýnir vel hvernig vatnstankur

→ Í framhaldinu var upplýst að mörg börn til dæmis í Úganda hafa ekki krana til að skrúfa frá, heldur þurfa þau að fara langar leiðir til að sækja vatn, oft óhreint vatn.

arnir virka, þeir safna rigningvatni sem dugar 3-4 mánuði inn í þurrkatímann. Þá þarf ekki að fara langar leiðir og sleppa skólanum, heldur er hægt að skrúfa frá krana á vatnstankinum og fá sér gott vatn.

Svo kemur að því að tunnan verður tóm, af því að það hefur ekki rígt og þá skilja börnin betur aðstæður sums staðar í Afríku. Og setningin „Mér finnst rigningin góð“ fær dýpri merkingu.

Börnin létu ekki nægja að setja sig í spor jafnaldranna í Úganda heldur tóku, með starfsmönnum og aðstandendum, til sinna ráða og söfnuðu fyrir vatnstanki og gott vatn, einni geit líka. Sannarlega gjöf sem gefur. Fleiri slíkar gjafir má sjá á www.gjofsemgefur.is.

Lokasetningin á þakkarskjali til barnanna er: ÞIÐ ERUÐ FRÁBÆR, orð sem ljúft er að endurtaka.

Femmenessence

Finnur þú fyrir breytingaskeiðseinkennum?

Prófaðu nýja Femmenessence 100% náttúruleg vara unnin úr macarót. Rannsóknir sýna að Femmenessence getur bætt líðan kvenna á breytingaskeiði.

Femmenessence styður við og nærir eigin hormónaframlæiðslu líkamans

*Tilboðið gildir til 30. júní

20%

kynningar afsláttur*

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Af hugarburði kvenna, spennitreyjum og öðrum gamanmálum

Í DAG

Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur

„Ég gleðst yfir því að þú skulir liggja á spítala. Ég vona að þú kveljist uns þú deyrð, fábjárninn þinn. Þú átt ekki skilið að lifa og í ljósi gjörða þinna langar mig að svelta þig og berja þig í spað. Hvers vegna lætur fjölskyldan þín ekki loka þig inni á hæli?“

4. júní 1913 hljóp kona að nafni Emily Davison í veg fyrir veðhlaupahest kóngsins á Derby-kappreiðunum á Englandi. Hún lést fjórum dögum síðar af sárum sínum.

Emily var ein af súffragettunum sem börðust fyrir kosningarétti kvenna í Bretlandi. Var löngum talið að verknaðurinn hefði verið sjálfsvíg sem vekja átti athygli á málstað hreyfingarinnar. Nýlegar rannsóknir benda hins vegar til þess að Emily hafi aðeins ætlað sér að hengja borða á hestinn með orðunum „kosningarétt handa konum“ en orðið óvart fyrir honum.

Dar sem Emily lá á spítala og barðist fyrir lífi sínu barst henni fjöldi bréfa. Fæst þeirra voru hins vegar hefðbundnar óskir um góðan bata. Í umslögnum voru hatusbréf á við það sem lesa má hér að ofan og varðveitt er á Kvinnabókasafninu í London.

„Klikkuð í skallanum“

Í dag er kvenréttindadagurinn haldinn hátíðlegur hér á landi en 98 ár eru síðan íslenskar konur fengu kosningarétt. Sumum kann að þykja óþarft að velta sér of mikið upp úr málefnum kynjanna af því tilefni því við Íslendingar erum jú heimsmeistarar í kynjajafnrétti samkvæmt

úttekt World Economic Forum. Slíkt viðhorf byggist hins vegar á blindri bjartsýni.

Fyrir skemmstu sótti landið heim vinnuhópur á vegum Sam-einuðu þjóðanna sem skoðaði stöðu kynjanna. Bráðabirgðaniðurstöður hópsins kveða á um að hér á landi, eins og annars staðar, sé víða pottur brotinn þegar kemur að jafnréttismálum.

Af öllu því sem ekki hefur náðst fram í kvennabaráttunni er þó eitt sem vekur með mér mesta furðu. Eitt hundrað árum eftir að Emily varð fyrir hesti kóngsins, 98 árum eftir að íslenskar konur fengu kosningarétt, virðist viðhorf í garð þeirra sem berjast fyrir jafnrétti ekkert hafa breyst.

Í lok síðasta árs var femínistinn Hildur Lilliendahl Viggósdóttir valin Hetja ársins af lesendum DV. Í athugasemdakerfi dv.is, neðan við frétt um viðurkenninguna, rigndi svívörðingum yfir Hildi sem minna óhugnanlega mikið á hatusbréfin sem Emily Davison barst þegar hún lá banaleguna: „Fólk hlýtur bara að sjá að það er einhver geðveila í gangi í kollinum á henni og því er það mitt álit og mín tillaga að hún verði sett í spennitreyju og lokuð inni bólstruðu herbergi.“ – „Ómerkileg trunta.“ – „Þessi er svolítið klikkuð í skallanum.“ – „Bilað fólk sem á að taka úr umferð.“

Erfitt er að segja til um hvers vegna femínistar eru svo illa liðnir. Dettur mér helst í hug að þeir sem svo rita telji einfaldlega að jafnrétti sé náð og krafta þeirra sé ekki lengur þörf. Nýjustu fréttir frá hinu háa Alþingi afsanna þó fljótt þá kenningu:

■ Konur eru í miklum minnihluta í flestum fastanefndum Alþingis.

■ Forsætisráðherra gaf lítið fyrir gagnrýni á málið en sagði það svo sem „skemmtilegra“ þegar hópar fólks samanstæðu

af báðum kynjum.

■ Ekki einu sinni Samfylkingin, sem hefur innan raða þingflokksins tvær konur sem gegnt hafa embætti fjármálaráðherra, skipaði konu í efnahags- og viðskiptanefnd sem upphaflega var aðeins samansett af körlum.

■ Að gömlum síð er velferðarnefnd hins vegar stútfull af kvenfólki.

Leggöng: Menningarsaga

Um helgina fór ég í bókabúð í London til að kaupa mér bókina Lean In: Women, work, and the will to lead sem geymir ráð um hvernig konur geta risið á toppinn í viðskiptaheiminum. Höfundur hennar, Sheryl Sandberg, er einn æðstu stjórnenda Facebook. Ég hélt rakleitt í „bissness“-deildina þar sem ég hafði svo oft handleikið bækur af svipuðum toga, svo sem testosterón-hlaðnar hugleiðingar Richards Branson um hvernig skal „meikaða“ í viðskiptum með því að „Screw it, let's do it“; eða eins og Donald Trump orðar það af sama hagleik og hann greiðir yfir skallanum: „Think big and kick ass.“

En hvergi bólaði á bókinni. Ég hafði uppi á starfsmanni í von um að eintak leyndist á lagernum. Jú, eitt stykki fannst í myrkasta skúmaskoti verslunarinnar, ekki þó á lagernum. Innan um bækur á borð við Hin vanaða kona og Leggöng: Menningarsaga lá Sandberg í lítilli hillu sem merkt var „kynjafraði“.

Vandi jafnréttisbaráttunnar

Tvö ár eru í að íslenskar konur fagni því að öld er síðan þær fengu kosningarétt. Af öllum þeim brýnu málefnum sem nota mætti 100 ára afmælið til er eitt öðrum mikilvægara.

Staðsetningin á bók Sheryl Sandberg í bókaverslunum Bretlands lýsir í hnotskurn vandnum sem steðjar að jafnréttisbaráttunni árið 2013. Konur eru

„Um leið og ég óska landsmönnum til hamingju með kvenréttindadaginn vil ég hvetja samtök á borð við Kvenréttindafélag Íslands og Femínistafélagið til að skera upp herör gegn þessu aldagamla hugarfari svo að gera megi árið 2015 að árinu sem kvenréttindabaráttan rann saman við meginstrauminn, árinu sem jafnrétti kynjanna hætti að vera smámál úti á kanti og varð að samfélagsmáli sem varðar okkur öll.“

hornrekur. Jafnvel kona sem telst til farsælli viðskiptajöfra heims kemst ekki í hillu með karlkyns kollegum sínum heldur er gerð útlæg í rykfallna deild akademísku jaðarfags.

Það er einmitt þetta hugarfar sem er kvenréttindabaráttunni helsti fjötur um fót. Of mörgum þykir „kvennamálin“ léttvæg. Gamanmál. Þeir sem baráttuna stunda eru úthrópaðir og málstaður þeirra dæmdur hugarburður.

Um leið og ég óska landsmönnum til hamingju með kvenréttindadaginn vil ég hvetja samtök á borð við Kvenréttindafélag Íslands og Femínistafélagið til að skera upp herör gegn þessu aldagamla hugarfari svo að gera megi árið 2015 að árinu sem kvenréttindabaráttan rann saman við meginstrauminn, árinu sem jafnrétti kynjanna hætti að vera smámál úti á kanti og varð að samfélagsmáli sem varðar okkur öll.

AF NETINU

Augljós della

Fjölmíðlungum ber að taka eftir ádrepu Jóns Steinssonar við Columbia. Þeim ber skylda til að fletta ofan af pólitíkum, sem hafa lygi að leiðarljósi. Sem endurtaka lygina nógu oft til að fávitarnir fari að trú. Fávitarnir eru drjúgur helmingur þjóðarinnar. Erlendis veita fjölmiðlar aðhald sem hindrar lygara í að ná markmiðum sínum. Hér vantar þetta aðhald. Því endurtaka menn lygina um að lækkað veiðigjald auki tekjur. Að veiðigjaldi sé svo flókið að breyta þurfi því. Valdarnir geta í skjóli getulausra og metnaðarlausra fjölmiðla logið í sbyljú hvaða delu sem er. Sorglegt segir Jón Steinsson.

<http://www.jonas.is/>

Jónas Kristjánsson

Stórt stökk

Skelfilegar eru hugmyndir Kínastjórnar um að flytja 250 milljónir manna í nýreistar borgir og bæi. Þetta er gert til að auka hagvöxt, að því sagt er. Frá þessu er greint í New York Times.

Svona aðgerðir hafa stundum verið nefndar þjóðfélagsverkfæði – social engineering á ensku. Í því sambandi má nefna samyrkjubúavæðingu Sovétríkjanna í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar, og nokkur stóratök kommúnistastjórnarinnar í Kína, eins og samyrkjubúavæðinguna þar og Stóra stökkið sem var tilraun Maós til að iðnvæða Kína á stuttum tíma.

Reyndar má segja að þessar hugmyndir kínverskra stjórnvalda minni meira en lítið á Stóra stökkið. Það olli skelfilegum hörmungum.

Að baki liggur það viðhorf að tilgangurinn helgi meðalið, að réttlætianlegt sé að valda þjáningum og dauða í stórum stíl til að ná fram stjórn máleægum eða efnahagslegum markmiðum.

Eiginlega finnst manni hrollvekjandi að ríkisstjórn sem stendur fyrir svona löguðu eigi nú að verða sérstakur vinur Íslendinga.

<http://eyjan.pressan.is>

Egill Helgason

POTTURINN ER FIMMFALDUR
OG STEFNIR Í

1000 MILLJÓNIR

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 550 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 450 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

550.000.000
+450.000.000



FIND **NEW** ROADS™



HELLINGS PLÁSS OG KRAFTUR Í FERÐALAGIÐ

DÍSEL • 7 SÆTA • 184 HESTÖFL • 6 ÞREPA SJÁLFSKIPTING



NÝTT ÚTLIT
OG AUKINN
BÚNAÐUR

NÝR CAPTIVA

Chevrolet Captiva sportjeppinn er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans við erfiðustu aðstæður. Captiva er einn vinsælasti jeppinn á Íslandi enda er hann áberandi fallegur og býst á frábæru verði.



Chevrolet Captiva LT
Chevrolet Captiva LTZ

Verð: 6.490 þús. kr.
Verð: 7.190 þús. kr.

Kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bilabúð
Benna
— Sérfræðingar í bilum —



OYSTER PERPETUAL EXPLORER II

ROLEX



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. júní 2013 | 23. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

GÖNGUM
HREINT
TIL VERKS!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



Meðalupphæðin 37,3 milljónir

Á höfuðborgarsvæðinu var á tímabilinu 7. til 13. júní 104 kaupsamningum um húsnæði þinglýst, samkvæmt nýbirtum tölum Þjóðskrár. „Þar af voru 75 samningar um eignir í fjölbýli, 22 samningar um sérbýli og sjö samningar um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði.“ Heildarvelta samninganna var 3.882 milljónir króna og meðalupphæð á samning 37,3 milljónir. Fram kemur að á sama tíma hafi tólf kaupsamningum verið þinglýst á Suðurnesjum, sextán á Akureyri og átta á Árborgarsvæðinu. Þjóðskrá bendir á að úr meðalupphæð kaupsamninga sé ekki hægt að lesa vísbendingu um verðþróun eigna. „Þetta er vegna þess að hver kaupsamningur getur verið um fleiri en eina eign auk þess sem eignir eru misstórar, misgamlar og svo framvegis.“



KONUR VIRKJA SKÖPUNARKRAFTINN

- Í tilefni af kvennafrídeginum í dag er Markaðurinn tileinkaður konum.
- Aðeins fjórðungur fyrirtækja er í eigu kvenna.
- Nýsköpunarsjóðir fyrir skapandi konur eru mikilvægur liður í að efla atvinnulíf á Íslandi.



EasyJet veðjar á Airbus A320

Lággjaldaflugfélagið EasyJet hefur valið Airbus A320neo farþegaþotur sem þann farkost sem stuðst verður við til framtíðar í starfsemi félagsins. „Neo“ stendur fyrir new engine option og verða vélarnar því búnar næstu kynslóð þotuhreyfla. Gerir félagið ráð fyrir að þurfa 100 slíkar vélar, auk 35 A320ceo (current engine option), sem eru búnar þeim hreyflum sem nú eru í boði, áður en kemur að afhendingu hinna. Samkvæmt upplýsingum frá Airbus notar flugfélagið núna smærri þotur, A319. Þær taka 156 farþega en nýju vélarnar taka 180 í sæti. Af vélunum 135 sem EasyJet kveðst þarfnast koma 85 í stað annarra sem hætt verður að nota.



Fleiri konur eru án vinnu

Skráð atvinnuleysi dróst saman um 0,6 prósentu-stig milli apríl og maí, samkvæmt nýbirtum tölum Vinnuálastofnunar. Að meðaltali voru 7.515 án vinnu í maí og fækkaði um 483 frá fyrra mánuði. Skráð atvinnuleysi í mánuðinum var 4,3 prósent. Fram kemur að körlum á atvinnuleysisráðum hefur fækkað um 395 milli mánaða en konum bara um 88. Mælt atvinnuleysi meðal karla er 3,8 prósent en atvinnuleysi kvenna er 4,9 prósent. Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka kemur fram að hér hafi ekki mælst minna atvinnuleysi í einum mánuði síðan fyrir hrun. „Þróun atvinnuleysis undanfarið er í takti við opinberar spár, en þar er einnig gert ráð fyrir áframhaldandi bata á vinnumarkaði í ár og á næstu árum,“ segir þar jafnframt.



TOK Laun & TOK Bókhald

Íslensku viðskiptakerfin TOK Bókhald og TOK Laun henta vel fyrir sjálfstætt starfandi aðila og lítil fyrirtæki í einföldum rekstri. Nota má snjallsíma og spjaldtölvur til að skrá beint í verkþókhald. Kynntu þér mánaðartilboðið okkar!

Nánar á www.advania.is/varamanadarins




30%
afsláttur í
júní

advania
Welcome to IT


Fróðleiksmolinn




Brautskráðir nemendur á doktorsstigi eftir kyni



Konur í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði í HÍ



Brautskráðir nemendur á háskólastigi eftir kyni



Dagatal viðskiptalífsins keldan

Miðvikudagurinn 19. júní

- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis birtar
- Upplýsingar um verðmæti sjávaraflla á fyrsta ársfjórðungi birtar

- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í maí birt
- Greiðslujöfnunarvísitala í júlí birt
- Mánaðarleg launavísitala í maí birt
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júlí birt

Föstudagurinn 21. júní

- Útboð Ríkisbréfa
- Vísitala kaupmáttar launa í maí birt

- Þriðjudagurinn 25. júní
- Tölur um viðskipti með atvinnuhúsnæði í maí birtar

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



Í LÚXEMBOURG Ríkisskattstjóri segir ítrekað hafa verið fjallað um skatta á vettvangi OECD síðustu ár. Á mörgum fundanna hafi afstaða ríkja á borð við Lúxemborg og Sviss hafa valdið ákveðnum vonbrigðum. (NORDICPHOTOS/AFP)

Hefur kynjajafnrétti stuðlað að auknum Evrópusamruna?

Agnes Hubert, sérfræðingur í jafnréttismálum og ESB, fjallar um kynjajafnrétti og hvernig það hefur stuðlað að samruna í Evrópu á súpufundi á Hótel KEA, Akureyri, fimmtudaginn 20. júní kl. 12-13.



Agnes Hubert er hagfræðingur og stjórn málafræðingur og starfar við stefnumótun í Evrópumálum hjá framkvæmdastjórn ESB. Hún hefur einnig starfað sem sérfræðingur hjá Evrópuþinginu og sem blaðamaður með efnahagsmál sem sérsvið.

Allir velkomnir!



Upplýsingamiðstöð ESB
 www.evropustofa.is

Suðurgata 10 – 101 Reykjavík
 Kaupvangsstræti 23 – 600 Akureyri
 Sími 527 5700 – evropustofa@evropustofa.is

Ríki deila nú frekar skattupplýsingum

Ísland stendur vel hvað varðar upplýsingaskipti á sviði skattamála á milli landa. OECD birti í gær nýja skýrslu um stöðu mála í tengslum við fund G8-ríkjanna. Um gífurlegar fjárhæðir er að tefla.

Efnahagsmál

Óli Kristján Ármannsson olikr@frettabladid.is

Gífurlegum fjárhæðum er haldið utan heimalanda án þess að greiddir séu af þeim skattar og gjöld, að því marki sem skattgreiðendur skjóta sér undan skilum í heimalöndum sínum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, sem birt var í gær í tilefni af fundi átta helstu iðnríkja (G8) á Írlandi. Í skýrslunni er fjallað um vitundarvakningu sem orðið hafi á meðal ríkja heims á nauðsyn þess að efla samstarf og upplýsingagjöf á sviði skattamála.

„Núna er almennt mikið meiri skilningur á því í heiminum að þeir sem koma sér undan greiðslu skatta eru að flytja skattbyrðina yfir á samborgara sína aðra eða önnur ríki. Og þegar þrengir svona mikið að þá geta menn náttúrulega ekki fallist á að menn láti einhverja aðra greiða reikningana sína,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Skúli Eggert segir að hér á

landi fáum við umtalsvert magn af upplýsingum frá öðrum ríkjum og gefum upplýsingar á móti. Ísland hafi nýverið komið mjög vel út úr úttekt sem gerð hafi verið á upplýsingaskiptum á milli landa innan OECD.

„Þetta er allt að opnast og hefur horfið til mun betra horfs en verið hefur undanfarin ár. Orðinn er alþjóðlegur skilningur á því að berjja þurfi þessa múra niður.“ Spurning sé hversu mikið sé hægt að horfa til fortíðar í gagnaöflun en í það minnsta til framtíðar horft sé ljóst að skattaskjólum fari fækkandi. „Það er orðið erfitt að koma fyrir fjármunum og fela, hvort sem það er fyrir skattyfirvöldum, kröfuhöfum eða öðrum.“

Miklu betri horfur séu á því nú en verið hafi að hægt verði að koma þessum málum öllum upp á yfirborðið. „Þar með skiptir auðvitað miklu máli að takist að upp-

lýsa um eignarhald á þessum félögum í þessum aflandsríkjum, því það hefur verið eitt mesta vandamálið, að fá ekki upplýsingar um eigendur félaga. Svo er það líka samkeppnismál.“

Í skýrslu OECD í tilefni af fundi G8-ríkjanna er lögð fram áætlun um næstu skref í samræmingu upplýsinga sem ríki deila með sér og þá tækni sem liggja þurfi að baki. Þannig hafi Evrópuríkin Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Spánn og Bretland, í samvinnu við Bandaríkin, unnið að hönnun grunnupplýsingakerfis sem fjármálafræðingur geti notað í samskiptum við skattyfirvöld, sem svo aftur deili með sér gögnum á milli landa á sjálfvirkum máta.

Skúli Eggert segir erfitt að geta sér til um hvenær slík upplýsingagjöf geti orðið almenn um heim allan, dálítið mismunandi sé eftir löndum hvernig gangi að koma á umbótum. Í öllum meginatriðum stefni hins vegar í rétta átt.

Nú þegar eru 55 ríki, innan sem utan OECD, aðilar að sáttmála um aukna upplýsingagjöf á sviði skattamála.



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Að sitja við sama borð ...



© Inter IKEA Systems B.V. 2013

JAFNLAUNA-
VOTTUN VR



VR-13-002

... er orðtak sem notað er í merkingunni að vera í jafnri stöðu, eins og til dæmis að bera það sama úr bótum fyrir jafnt framlag. Hjá IKEA sitja konur og karlar við sama borð. IKEA var eitt fyrstu fyrirtækjanna til að hljóta jafnlaunavottun VR fyrr á þessu ári sem þýðir að hjá fyrirtækinu er enginn óútskýrður launamunur á milli kvenna og karla sem sinna sömu störfum.

Af þessu erum við stolt!

Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - www.IKEA.is





FRÁ KVENNAFRÍDEGINUM ÁRIÐ 2005 Ásdís Guðmundsdóttir segir að staða kvenna í atvinnulífinu hafi ekki breyst mikið síðan þá sem sýni að konur þurfi meiri hvatningu til að auka fjölbreytileika í samfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Svanni hvetur konur til að stíga fram og láta drauma sína rætast

Nýsköpunarsjóðurinn Svanni er ætlaður til að hjálpa konum í atvinnurekstri og nýsköpun til að láta drauma sína verða að veruleika. Einungis fjórðungur fyrirtækja á Íslandi er í eigu kvenna. Staða kvenna í atvinnulífinu hefur ekkert breyst í langan tíma.



ÁSDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Nýsköpunarsjóðurinn Svanni var endurreistur árið 2011 eftir að hafa legið í dvala í átta ár. Sjóðurinn er í eigu Reykjavíkurborgar, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og velferðarráðuneytis en Vinnu- og atvinnulífinu sér um umsýslu hans. Sjóðurinn er hluti af aðgerðaráætlun fyrri ríkisstjórnar um að auka jafnrétti og fjölbreytileika í atvinnulífinu sem og að hvetja til nýsköpunar á Íslandi.

Svanni er lánatryggingarsjóður sem er ætlaður konum í atvinnurekstri og nýsköpun. „Sjóðurinn á að hjálpa konum sem búa yfir góðum viðskiptahugmyndum til þess að hrinda hugmyndinni af stað,“ segir Ásdís Guðmundsdóttir, sérfræðingur í atvinnuáttum kvenna og umsóknarmaður Svanna. „Rannsóknir sýna fram á það að konur eru mun varkárari en karlar í atvinnulífinu og eru síður tilbúnar að veðsetja eignir sínar. Sjóðurinn virkar sem veð fyrir láni og lágmarkar því áhættu þessara kvenna,“ segir Ásdís og bætir við að markmiðið með sjóðnum sé að hvetja konur til að stíga fram og taka þátt í atvinnulífinu.

Sjóðurinn var endurreistur eftir að úttekt var gerð árin 2010-2011 á stöðu kvenna í atvinnulífinu. „Úttektin leiddi það í ljós að staða kvenna í atvinnulífinu hefur í raun ekkert breyst. Í kringum fjórðungur fyrirtækja er í eigu kvenna á Íslandi og það er sama hlutfall og er víðast hvar í Evrópu,“ segir Ásdís sem telur þennan kost mjög mikilvægan fyrir konur til þess að auðvelda þeim að fjármagna góðar hugmyndir og bæta stöðu sína á markaði.

Ásdís segir meginskilyrði fyrir láninu vera að fyrirtækið sé í eigu konu eða kvenna og að hugmyndin innihaldi einhvers konar nýnæmi.

Umsóknir hjá Svanna hafa verið afgreiddar tvisvar á ári síðan árið 2011. Um sjötíu umsóknir hafa borist og alls þrettán konur hafa fengið ábyrgð hjá Svanna. Ásdís á von á því að afgreiddar verði fjórar umsóknir til viðbótar á næstu dögum, en tuttugu umsóknir bárust í vor. „Við erum með mikið af umsóknum sem tengjast hönnun og ferðaþjónustu,“ segir Ásdís sem telur tegund umsókna undirstrika mikla grósku á þessum sviðum. „Við veitum lán fyrir margs konar rekstrarkostnaði, svo sem markaðskostnaði, vörubrúun, gerð viðskiptaáætlunar og aðföngum svo meira sé nefnt.“

„Konur eru mun varkárari en karlar í atvinnulífinu og síður tilbúnar að veðsetja eignir sínar. Sjóðurinn virkar sem veð fyrir láni og lágmarkar því áhættu þessara kvenna.“

Í sjóðnum eru samtals 140 milljónir króna sem koma annars vegar frá ríki og borg en hins vegar frá Landsbankanum sem veitir lánið á endanum. „Landsbankinn styður við verkefnið og tekur þátt í áhættunni með okkur,“ segir Ásdís en bætir við að ekkert hafi þó fallið á sjóðinn hingað til. Aðspurð hver stefnan sé eftir að verkefninu lýkur segir Ásdís að staðan verði tekin á þeim tíma. „Samþykktin um verkefnið er út árið 2014 og eftir það könnum við hversu vel verkefnið hefur heppnast. Árangur okkar er mældur í fjölda góðra hugmynda, úthlutun verkefna og því að við fáum greitt til baka. Við hvetjum bara flestar konur sem hafa góðar hugmyndir til að sækja um og láta slag standa,“ segir Ásdís. Hún bendir á að fjárhæðirnar sem sjóðurinn veitir séu alls ekki háar en muni þó verulega miklu fyrir lítil sprotafyrirtæki sem reyna að brúa bil á milli hugmynda og veruleika. „Það er mun erfiðara að fá lítil lán hjá bönkum. Hugsunarháttur um að því hærra sem lánin eru því betri sé hugmyndin virðist enn vera ríkjandi í samfélaginu og því verður að breyta,“ segir Ásdís, sem undirstrikar mikilvægi þess að konur geti fengið hófleg lán og fái að stíga varlega til jarðar.

Aðspurð hvort það sé endilega mikilvægt að hafa þennan valkost eingöngu fyrir konur segir Ásdís að því miður sé það þannig að enn halli á annað kynið. „Auðvitað myndi ég vilja að ekki þyrfti að taka til svona aðgerða og að meira jafnræði ríkti á atvinnumarkaðnum en allar rannsóknir sýna fram á það konur sækja síður um styrki og lán og því gefur auga leið að þær þurfa meiri hvatningu,“ segir Ásdís, sem telur að það verði að gæta þess að raddir allra heyrist í samfélaginu og að atvinnulífið sé fjölbreytt. „Á meðan aðeins fjórðungur fyrirtækja er í eigu kvenna er brýnt markmið að reyna að jafna hlutföllin með tímabundnum aðgerðum,“ segir Ásdís, sem fagnar því að landið viðurkenni að fjölbreytni sé góð og vinni að henni með markvissum hætti.

SAUÐFJÁRBÓNDI MED SJÁVARSMÍÐJU

Svanhildur Sigurðardóttir er sauðfjársjóðari á Reykhólum og frumkvöðull. Hún er félagsliði og sjúkrapjálfi og starfar við umönnun aldraðra á Vestfjörðum. Hún fékk lánatryggingu hjá Svanna til að opna sinn eigin rekstur og stofnaði sprotafyrirtækið Sjávarsmiðjuna sem sérhæfir sig í nýtingu sjávarfangs til meðferðar sem og almennra heilsubóta. Sjávarsmiðjan rekur einnig heilsulind á Reykhólum, rétt við bóndabæinn, og býður þar upp á einstök þaraböð þar sem gæðavottuðu þarahræfni er blandað við heita hveravatnið á Reykhólum. „Þaraböðin eiga að stuðla að vellíðan og eru einstaklega góð fyrir húðina,“ segir Svanhildur, sem einnig starfrækir kaffihús á svæðinu og selur sérstök baðsölt og sápur úr þara. „Sjávarsmiðjan er bara opin á sumrin eins og er, en markmiðið er að hún verðir starfrækt allt árið,“ segir Svanhildur.


Ásamt lánatryggingu hjá Svanna er Svanhildur einnig tvisvar búin að fá styrk upp á eina milljón króna frá Nýsköpunarsjóði kvenna í atvinnulífinu. „Þetta hefði aldrei gengið ef það hefði ekki verið fyrir þessa styrki og lánveitingu hjá Svanna,“ segir Svanhildur sem er hæstánægð með reksturinn og hlakkar til sumarsins á Reykhólum.

ÓLÝSANLEGA SPENNANDI

Steinunn Karlsdóttir er viðskiptafræðingur og frumkvöðull. Hún er eigandi fyrirtækisins Volcano Warmers sem framleiðir hitahlífur úr ull fyrir fólk sem þjáist af verkjum í liðum og vöðvum. „Hitahlífarnar minnka verki og bólgu og eiga að auka lífsgæði og vellíðan hjá fólki sem þjáist af stoðkerfisvandum,“ segir Steinunn sem fékk hugmyndina eftir að hún handsamaði ullarhlíf fyrir sambylismann sinn sem var búinn að þjást daglega af hnjúverkjum eftir að hafa lent í bílslysi á unglingsaldri. „Hlífir virkaði það vel að við ákváðum í kjölfarið að stofna fyrirtæki og koma hitahlífum á markað,“ segir Steinunn sem fékk nýlega lánatryggingu hjá Svanna.

Steinunn segir að það hafi breytt miklu fyrir framkvæmd og uppbyggingu verkefnisins að fá ábyrgðina. „Við vorum að gera fyrsta erlenda sölusamninginn okkar á þessu ári. Eftirspurnin virðist vera mun meiri á erlendum mörkuðum en við gerðum okkur grein fyrir,“ segir Steinunn sem er nú stödd í Bretlandi þar sem hún er í samningaviðræðum við mögulega samstarfsaðila í framleiðslu, fjármögnun og aðföngum. „Framleiðslutækni í Bretlandi er mun tæknivæddari en heima á Íslandi og á eftir að breyta mjög miklu í framleiðslunni hjá okkur sem gerir þetta allt svo ólýsanlega spennandi og skemmtilegt.“

Aðspurð hversu mikilvægt henni þykir að hafa sérstakan nýsköpunarsjóð fyrir konur til þess að hvetja þær til verka segir Steinunn það afar mikilvægt til að efla viðskiptalegt sjálfstraust kvenna og til þess að fleiri konur nái árangri með hugmyndir sínar. „Konur virðast vera hógværi og því að verðleggja framtíðarvirði hugmynda sinna sem gerir það að verkum að fjármögnunin verður mun erfiðari fyrir vikið,“ segir Steinunn sem hefur aðeins eitt mottó þegar kemur að því að taka erfiðar ákvarðanir. „Það hefur nýst mér mjög vel að spyrja hvað sé það versta sem gæti gerst. Sú spurning auðveldar mér bæði að taka einfaldar ákvarðanir en jafnframt að taka erfiðar og djarfar ákvarðanir.“



STEINUNN KETILSDÓTTIR

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

FÆRRI FLUGSLYS

Flugslysum í heiminum hefur fækkað umtalsvert. Á síðasta ári urðu 23 flugslys farþegavéla og hafa ekki orðið færri frá árinu 1943. Samkvæmt Aviation Safety Network eru nokkur flugfélög hættulegri en önnur. Öruggasta félagið er Finnair en það öðruggasta er China Airlines.



ÚTSALAN HAFIN!

MARINA RINALDI
WEEKEND
MaxMara

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvél tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Bretta-og armarekkar
á hagstæðu verði.

Superbuild
NETHYL

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00

Höfum opnað nýja hársnyrti- og rakarastofu að Vínlandsleið 14, Grafarholti.

Þjódum alla viðskiptavini, bæði gamla og nýja hjartanlega velkomna.
Frábær opnunartilboð á vörum og þjónustu
Tímamantanir í síma 567 6666
Hlökkum til að sjá ykkur!
Hrefna og Bára

HÁRFÍNT
HÁRSNYRTI- & RAKARASTOFA

HÁRFÍNT - VÍNLANDSLEIÐ 14 - 113 REYKJAVÍK - SÍMI 567 6666



MÁGKONUR
Þær Þorgerður og Phatharawadee fyrir framan veitingahúsið Suður-Vík sem var opnað í byrjun júní í Vík í Mýrdal.

VEITINGASTAÐUR Í SUÐUR-VÍK

DRAUMUR RÆTIST Þorgerður Gísladóttir hefur, ásamt bróður sínum og mágkonu, opnað veitingastað í Vík í gömlu, stæðilegu húsi ofan við bæinn.

Okkur hafði í lengri tíma langað að opna veitingahús. Þegar gamli leikskólinn í Suður-Vík kom á sölu síðasta sumar stukkum við á tækifærið og keyptum húsið,“ segir Þorgerður Gísladóttir sem hefur opnað veitingahús í Vík í Mýrdal ásamt bróður sínum, Óðni, og mágkonu, Phatharawadee Ben Saithong.

Húsið er annað tveggja gamalla íbúðarhúsa sem stóðu á jörðinni Vík áður en bærinn sjálfur byggðist. Veitingastaðurinn er í Suður-Vík en systir Þorgerðar og Óðins rekur farfluglaheimili í hinu húsinu, Norður-Vík.

Húsið stendur uppi á hæð fyrir ofan bæinn. „Þetta er stæðilegt og fallett tvílyft timburhús á hlöðnum grunni sem byggt var árið 1902,“ segir Þorgerður og er húsið því komið til ára sinna. „Það var skakkt og skælt þegar við keyptum og við þurftum nánast að endurbyggja það, bæta við bitum

og súlum, auk þess sem við grófum upp kjallarann og steiptum í hann,“ upplýsir hún. Verkið tók hálf ár og lagðist öll fjölskyldan á eitt, með góðri hjálp, við að koma veitingahúsinu í stand fyrir sumarbyrjun.

Þorgerður segir bæði bæjarbúa og ferðamenn hafa tekið vel við sér. „Heimafólk er spennt fyrir að prófa því við erum, fyrir utan hefðbundinn mat, með taílenkska rétti enda er mágkona mín taílenkska,“ segir hún og tekur fram að þau muni eftir fremsta megni reyna að nýta hráefni úr héraði í rétti sína.

Þorgerður segir fulla þörf á breiðari flóru í veitingastaðamenningu Víkur. Til dæmis séu fáir staðir opnir á veturna. „Vetrartraffíkin þarf á nýjum stað að halda og á sumrin eru hinir staðirnir troðfullir svo fólk þarf frá að hverfa,“ segir hún og hlakkar til að taka á móti sem flestum í Suður-Vík í sumar og vetur.

■ solveig@365.is



KRÁSIR
Á Suður-Vík er boðið upp á hefðbundinn íslenskan mat auk taílenkska rétta.

KYMCO 2013!

Enn betra og skemtilegra hjól hlaðið aukabúnaði



Veglegur aukahlutapakki fylgir:
Öflugt spil, dráttarkúla, prófíltengi, sæti og sætisbak fyrir farþega, álfelgur og 26" Maxxis Bighorn dekk.

Götuskráð hjól tilvalið í leik eða starf.

KYMCO
Better than Best

VDO

Borgartún 36 • 105 Reykjavík
588 9747 • www.vdo.is



VERKFAÐI Í SVÍÐJÓÐ

Umfangsmikið verkfall strætisvagnstjóra hófst á miðnætti í nótt og getur haft áhrif á þá sem eru á leið til Svíþjóðar. Verkfallið verður í Stokkhólmi, Södertälje og Umeå. Búast má við löngu verkfalli þar sem engar viðræður hafa farið fram á milli samningsmanna. Sveitarstjórnir höfnuðu tilboði sem kom frá bílstjórunum og síðan

hefur ekkert gerst. Um 900 manns taka þátt í verkfallinu. Nú er aðalferðamannatíminn í Svíþjóð og Jónsmessunótt fram undan sem er hátíðardagur þar í landi. Verkfallið mun því hafa viðamikil áhrif á ferðamenn. Talið er að verkfallið geti náð til lestarstjóra áður en langt um líður og verður þá enn víðtækara.

VINSÆLASTA STOPPI-STÖÐ LANDSINS

ALLTAF NÓG AÐ GERA Staðarskáli er sá matstölustaður sem enginn lætur fram hjá sér fara á leið sinni um landið. Reksturinn hefur aldrei gengið betur en staðurinn er orðinn meira en fimmtíu ára.

Ein vinsælasta sjoppa allra Íslendinga er Staðarskáli í Hrótafirði. Af öllum náttúruundrum og spennandi bæjum um allt land þá er líklegast enginn staður sem fær jafn marga gesti á dag og Staðarskáli.

Um er að ræða matsölustað, sjoppu og bensínstöð sem hóf starfsemi sína árið 1960 og var stofnuð af fjölskyldu í Hrótafirðinum en áður fyrr hafði verið seld olía á staðnum. Staðurinn hefur ávallt verið vinsælasta sjoppa við hringveginn, enda á besta stað milli Vesturlands og Norðurlands. Árið 2008 var nýr skáli opnaður á nýjum stað við nýjan veg við Hrótafjarðarbotn.

„Á daginn byrjar umferðin strax í kringum tíu leytið á morgnana og helst jöfn og þétt yfir daginn og langt fram á kvöld,“ segir Snorri Hallgrímsson, starfsmaður í Staðarskála. Fyrstu rútur eru mættar snemma á morgnana en staðurinn er opnaður klukkan átta og opin til hálf tólf á kvöldin. Íbúar á bæjunum í kring eru duglegir að mæta í mat á veturna en á sumrin hafa þeir yfirleitt ekki tíma til þess þar sem börnin eru í sumarfrí og því meira um að vera á heimilunum.

Starfsfólk Staðarskála er frá öllum landshornum. Þetta sumarið eru einkum margir frá Akranesi og flytur starfsfólkið tímabundið í Hrótafirðinn.

Á sumrin er tilvalið að skella



STAÐARSKÁLI
Eitt vinsælasta stoppið á hringvegnum.

sér með fjölskylduna hringveginn um fallega landið okkar. Eftir að krónan veiktist hefur fjölskyldufríum innanlands fjölgað töluvert, enda frí á Íslandi ekkert síðri en í útlöndum.

Hringveginn eða öðru nafni Þjóðvegi eitt var lokið árið 1974 og er hann að mestu tvíbreiður nema í stærri bæjum þar sem hann er breiðari. Vegurinn er malbikaður nema á nokkrum stöðum á Austurlandi. Hringurinn er 1.332 km og nær um allar helstu byggðir landsins á Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlandi en ekki um Vestfirði og miðhálandið. Á veturna er umferð fjarri stórum bæjum afar lítil, enda getur færðin verið mjög mismunandi og mis-hættuleg, en á sumrin er fullkomlega öruggt að aka eftir vegum landsins. ■ gunnhildur@365.is



GAMLI STAÐARSKÁLI Staðarskáli var færður í nýtt húsnæði árið 2008 vegna breytinga á legu þjóðvegans.

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR í dag 19. Júní



Hornsófi 2H2 verð **99.900** áður ~~238.900~~

Sýningareintök og útlitgallaðar vörur með allt að **90% afslætti**



Sófasett 3+1 verð **149.000** áður ~~286.800~~



Leður sófasett 311 verð **150.000** áður ~~594.900~~

Barnarúm **15.000**
kommóða 15.000



Járn höfðagaflar **2.000**
nokkar stærðir



Borðstofuborð frá **45.000**
verð áður 83.900



Bast stóll **9.900**
verð áður 24.900

Heilsukoddar **2.900**
verð áður 6.900



Speglar 160cm/209cm frá **5.000**
verð áður 47.900

OPNUM KL.9

Patti
HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18

Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is



FRÁ LONDON TIL BERLÍNAR MEÐ HRAÐI

Loksins hefur verið gefið grænt ljós á hraðlestarferðir frá Berlín til London í gegnum Ermarsundsgöngin. Fullkomin hraðlest á að fara þessa leið á fjórum og hálfri klukkustund. Önnur leiðin kostar á bili 39-49 pund. Með þessu opnast tengileið frá London til Berlínar, Madríd og annarra borga á meginlandinu.

Búist er við að milljónir ferðamanna muni nýta sér þessa nýju leið árlega. Eurostar-lestin á milli Lundúna og Parísar hefur verið mjög vinsæl. Það hefur tekið þrjú ár að koma leyfinu í gegn en það er Deutsche Bahn sem sér um þessar nýju ferðir. Talsmaður Eurotunnel segir við Daily Mail að göngin geti vel tekið við þessari nýju umferð og ekki þurfi að kosta miklu til.

Hann segir þetta verða afar jákvætt og mikið framfaraskref í samgöngum fyrir ferðamenn. „Þetta eru frábærar fréttir fyrir þær milljónir ferðamanna í Norður-Evrópu sem vilja ferðast á umhverfisvænan hátt,“ segir Jacques Gounon, framkvæmdastjóri Eurotunnel.

Búist er við þremur ferðum á dag. Hægt verður að fara til Kölnar á innan við fjórum klukkustundum. Farþegar geta valið hvort þeir fari til Kölnar eða Berlínar. Sömu leiðis er lest sem fer til Brussel og þaðan til Rotterdam og Amsterdam. Lestarferðin opnar möguleika á viðtæku ferðalagi um Evrópu.

Á leiðinni geta farþegar slakað á í sætum sínum og unnið á netinu og losna um leið við biðraðir á flugvöllum.



HÁTÍÐ Á JÓNSMESSU

■ **SUMAR**

Jónsmessa er á mánudag, 24. júní, og verður efnt til hátíðarhalda víða um land um helgina af því tilefni. Á Hofsósi er löng skemmtihelgi fram undan sem endar á stór-dansleik með Matta Matt og vitleysingunum. Sjá nánar á skagafjordur.is.

Í Hveragerði verður líf og fjör við eldstæðið í lystigarðinum á laugardag á milli kl. 13-18. Sjá nánar á hveragerdi.is. Sömuléiðis verður mikið um dýrðir á Eyrarbakka. Þar á meðal eru heimboð hjá nokkrum íbúum staðarins. Hafðis og Jóhannes halda gamla skátaheimilinu opnu með myndum og munum frá skátastarfinu. Nánar á eyrarbakki.is.

Ýmsar aðrar uppakomur verða um helgina en skoða má þær á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga eða samband.is.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

NETVERSLANIR & ÞJÓNUSTA

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ 2013

Spjallað á netinu

Þjónustuver Vodafone opnaði nýlega nýtt og öflugra netspjall fyrir viðskiptavini sína. **SÍÐA 2**

Netverslun eykst

Sala á netinu með spjaldtölvum mun stórukast næstu fimm árin. **SÍÐA 4**

Bestu flugurnar

Verslunin Veiðiflugur heldur úti vefverslun á www.veidiflugur.is þar sem kaupa má úrval af veiðiflugum. **SÍÐA 6**

Upplifun neytenda skiptir meira máli

Miklar breytingar hafa orðið á netverslunum undanfarinn áratug. Neytendur eyða meiri tíma í rannsóknarvinnu og seljendur leggja meiri áherslu á upplifun neytenda. Spáð er miklum vexti í netverslun á heimsvísu næstu árin og að árið 2020 fari 70% verslunar í heiminum fram á netinu.

Netverslun hefur tekið miklum breytingum undanfarinn áratug, bæði að því er snertir verslunina sjálfa og kauphegðun neytenda. Neytendur eru farnir að eyða mun meiri tíma en fyrir áratug í rannsóknarvinnu og netverslanir leggja ríkari áherslu á upplifun neytenda. Að sögn Soffíu Þórðardóttur, forstöðumanns veflausna og sérþróunar hjá TM Software, eru gríðarlega spennandi tímar fram undan í netverslun. „Spár gera ráð fyrir að árið 2020 fari 70% verslunar í heiminum fram á netinu. Viðskiptavinir eyða líka miklu meiri tíma í dag í rannsóknarvinnu. Fyrir áratug tók kaupferlið hálfan dag en núna tekur það að meðaltali þrjá daga. Viðskiptavinir eru líka viljugri að kaupa dýrari vörur á netinu sem falla að lífsstíl þeirra. Við sjáum til dæmis aukningu í sölu húsgagna, bíla og dýrari vörumerkja sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir neytendur.“

Netverslanir eru á sama tíma farnar að leggja meiri áherslu á upplifun fyrir viðskiptavininn og að bjóða þeim vörur og þjónustu

Neytendur eru viljugri en áður að kaupa dýrari vörur á netinu sem falla að lífsstíl þeirra.



sem henta lífsstíl hvers og eins. „Áður fyrr lögðu netverslanir meiri áherslu á að keppa í verði og afhendingartíma vörunnar. Það hefur breyst og nú leggja þær áherslu á að skilja lífsstíl neytandans og mæta þörfum hans. Því betur sem seljendur þekkja okkur því betri vörur og þjónustu geta þeir jú boðið okkur.“

Snjallsímar og spjaldtölvur sækja á Samruni ólíkra tækja og miðla skiptir líka miklu máli í þróun netverslunar næstu árin. Soffía bendir á að í dag fari 30% netverslunar fram í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur. „Það skiptir miklu máli fyrir verslanir að bjóða upp á samhlíða upplifun gegnum ólík tæki og miðla. Ég gæti til dæmis heyrt um áhugaverða vöru og skoðað hana í símanum mínum en klárað kaupin heima í tölvunni.“ Einnig munu „off-line“ og „on-line“ viðskipti blandast meira saman. „Ef einhver vill kaupa flík sem er mjög dýr er hægt að leggja hana í rannsóknarvinnu á netinu og skoða ólík vörumerki. Svo



Samruni ólíkra tækja og miðla skiptir miklu máli í þróun netverslunar næstu árin enda fara 30% netverslunar fram í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur að sögn Soffíu Þórðardóttur, forstöðumanns veflausna og sérþróunar hjá TM Software. MYND/ANTON

er hægt að fara í verslunina sjálfa, máta og þreifa á vörunni, en ganga frá kaupum heima í tölvunni. Ég sé þá þróun alveg eiga sér stað hérlandis enda yfirleitt stutt í næstu verslun.“

Í þessu samhengi bendir Soffía á hversu mikilvægt það er fyrir

verslanir hér á landi að koma upp netverslun. „Allur heimurinn er samkeppnismarkaður fyrir flestar íslenskar verslanir. Neytendur geta auðveldlega keypt flestar vörur og þjónustu frá erlendum netverslunum. Því skiptir miklu að viðskiptavinir geti skoðað vörurnar fyrst

á netinu áður en verslað er við innlendar verslanir. Þegar hefðbundin verslun bætir við sig netverslun verður ekki endilega mikil sala þar strax en tilkoma hennar getur þó aukið sölu á heildina séð. Þannig skiptir máli að neytendur geti kynnt sér hvað er til og á hvaða verði.“

Afbragðs spjall við viðskiptavininn

Fyrir sléttri viku opnaði þjónustuver Vodafone nýtt og öflugra netspjall fyrir viðskiptavininn sína. Nýja spjallið er notendavænna fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Með netspjalli er tímafrek bið á símalínu úr sögunni en í staðinn fá viðskiptavinir traust og tafarlaus svör.

Það þykir engum gaman að sitja lengi við símann og hlusta á tónlist eða skilaboð á meðan beðið er. Því hitti netspjall Vodafone í mark því þar eiga sér stað hiklaus og ánægjuleg samskipti,“ segir Ragnheiður Hauksdóttir, forstöðumaður þjónustuvæðs Vodafone, sem í liðinni viku tók í notkun nýtt og öflugra netspjall fyrir viðskiptavininn sína.

„Við byrjuðum með netspjallið árið 2011 og það sló strax í gegn. Með nýju útgáfunni útvíkkum við þjónustuna enn frekar og mætum betur þörfum farsíma- og spjaldtölvueigenda,“ segir Ragnheiður.

Netspjall eru skrifleg samskipti í litlum skjáglugga þar sem viðskiptavinir geta haft beint og tafarlaust samband við þjónustufulltrúa á netinu.

„Í stað þess sem áður var, þegar viðskiptavinir biðu fastir á símalínunni, er nú hægt að vinna á meðan beðið er, brjóta saman þvott, sinna börnum, horfa á sjónvarp eða hvað sem er á meðan þjónustufulltrúi lítur á vandamálið og gerir lagfæringar í samskiptum á netspjallinu. Á netspjallinu er alltaf svarað um hæl og viðskiptavinurinn getur svarað á móti eftir eigin hentugleikum,“ útskýrir Ragnheiður.

Vodafone hefur gert kannanir meðal viðskiptavina sinna og spurt hvort þeir myndu mæla með þjónustuveri Vodafone við vini og kunningja. Að sögn Ragnheiðar hafa viðbrögðin verið einróma jákvæð og þjónustuverið fengið háa einkunn.

„Viðskiptavinir kunna vel að meta að þurfa ekki lengur að bíða og fá þjónustu strax. Margir finna sig knúna til að senda okkur hrós eftir samskipti á netspjallinu, sem er afar ánægjulegt. Góð viðbrögð viðskiptavina hvetja okkur til enn frekari af-

reka og við hugsum stöðugt um hvað við getum gert betur til að skara enn meira fram úr,“ segir Ragnheiður.

Hæfileikaríkt starfsfólk

Árið 2012 tók þjónustuver Vodafone á móti 475.000 símtölum en fyrirtækið sinnir nú um 381.000 þjónustuliðum fyrir viðskiptavininn sína.

„Allt er þetta mikil áskorun og því viljum við þjónusta viðskiptavininn á skilvirkari og skjótari hátt með netspjallinu. Til viðbótar við það erum við vakandi yfir því sem betur má fara hjá viðskiptavininum okkar og hringjum í þá að fyrra bragði ef við sjáum eitthvað sem betur mætti fara,“ upplýsir Ragnheiður.

Í virku netspjalli er Vodafone fyrirmynd annarra fyrirtækja og mikið leitað til fyrirtækisins vegna góðs árangurs á því sviði.

„Galdurinn við mikinn og góðan árangur netspjallsins felst í starfsfólkinu. Við veljum sérstaklega hæft fólk í þann hluta þjónustunnar því það á ekki við alla að halda uppi skriflegum samskiptum. Það getur reynst erfitt að taka upp símtöl og fá ekki lesið í svipbrigði viðmælandans en þó er enn erfðara að ræða við ókunnuga með orðum á blaði og án raddar og svipbrigða. Slíkt krefst hæfileika og við hjá Vodafone erum afar lánsöm að eiga svo gott fólk í okkar röðum.“

Leysa allan vanda með ánægju

Ragnheiður segir viðskiptavininn helst hafa samband við þjónustuverið þegar eitthvað bjáti á.

„Það upplifum við hins vegar aldrei sem leiðindi því viðskiptavinir eru yfirleitt kurtseisir og sú þjónusta sem við bjóðum upp á verður sífellt flóknari. Því er edlilegt að



Ragnheiður Hauksdóttir er forstöðumaður þjónustuvæðs Vodafone sem með nýrri útgáfu af öflugu netspjalli eykur enn á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavininn sína. MYND/VALLI

fólk sé óöruggt og þarfnist aðstoðar við úrlausn sinna mála. Við mætum vanda þess með ánægju og stjórnum samskiptum á þann veg að upplifun viðskiptavina sé góð og allt gangi hratt og vel fyrir sig,“ segir Ragnheiður.

Hún segir viðskiptavininn Vodafone geta leitað til þjónustuvæðsins með allt milli himins og jarðar.

„Í nýju netspjalli er Vodafone með alla snertifleti, hvort sem viðskiptavinurinn

er með snjallsíma, spjaldtölvu eða tölvu. Þar er hægt að leita aðstoðar vegna farsíma, reikninga, net- og sjónvarpsstöðva, og tæknilegrar aðstoðar til fyrirtækja,“ útskýrir Ragnheiður.

„Ung kynslóð Íslendinga er með ein-dæmum fjölhæf því hún er nánast alin upp í rafrænum heimi. Því fara starfsmenn nú létt með að veita viðskiptavininum Vodafone enn betri og skjótari þjónustu með hjálp nýjustu samskiptatækni.“

HVERNIG VÆRI AÐ KÍKJA ÚT Í KVÖLD?

Kíktu á midi.is til að sjá framboðið af tónleikum, kvikmynda -og leiksýningum og íþróttaviðburðum.



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSÍÐ
Í REYKJAVÍK



SALURINN



AUSTURBÆR



Borgarleikhúsið



HOF
MENNINGARHÚS



ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



midi.is

Gæta þarf fyllsta öryggis þegar verslað er á netinu

Með nokkrum einföldum ráðum er hægt að koma í veg fyrir stuld á bankaupplýsingum í gegnum netverslanir. Mikilvægt er að hafa ávallt varann á þegar persónuupplýsingar eru settar á netið.

Aukinni netverslun fylgir aukin hættu á að netþjótur finni leiðir til þess að stela bankaupplýsingum frá viðskiptavinum. Til eru ýmis ráð til þess að koma í veg fyrir að slíkt gerist.

1. Passaðu upp á að vefsíðan sé örugg

Mikilvægt er að vefsíðan sé læst með SSL-lás. Hægt er að athuga það í heiti síðunnar en ef lásin er á henni stendur fremst í heiti slóðarinnar: HTTPS:// en vanalega stendur aðeins HTTP://. Oft birtist líka lás neðst eða efst á síðunni. Ef S-ið og lásin eru til staðar þá ætti að vera öruggt að versla á síðunni.

2. Ekki vista bankaupplýsingar á vefsíðum Ef upp skyldi koma að brotist sé inn á netþjón vefsíðunnar og öllum bankaupplýsingum stolið er vissara að vera ekki búinn að vista upplýsingarnar. Þó svo að það taki örlítið lengri tíma í hvert skipti sem verslað er að skrifa inn allar upplýsingarnar þá er betra að hafa varann á.

3. Fylgstu með bankayfirlitinu þínu Farðu reglulega inn á heimabankann eftir að verslað er á netinu. Ef eitthvað kemur upp á verður að bregðast við því strax. Eftir 30 daga eða meira er ekki öruggt að geta fengið peninginn til baka ef um svindl var að ræða.

4. Notaðu eigin tölvu og vertu heima þegar þú gerir kaupin

Hættan við að versla í almennings-tölvum eins og til dæmis á bókasöfnum, í vinnunni eða á netkaffihúsum er að þú veist aldrei hver notar tölvuna á eftir þér eða er á sama neti og þú. Það er líka svo huggulegt að versla í náttfötunum heima.

5. Of gott til þess að vera satt?

Ef vara sem er yfirleitt dýr á öllum síðum finnst á einni vefsíðu mikið ódýrari, er það líklega of gott til að vera satt. Til þess að athuga hvort síðan sé í raun alvöru netverslun er hægt að spyrja leitarvélnar á netinu um það. Virkir netnotendur blögga oft um slíkt eða láta vita á Yahoo-answer.



Passaðu upp á persónuupplýsingar þegar verslað er á netinu.

Sala á netinu með spjaldtölvum mun stóraukast næstu fimm árin

„Mobile Responsive“ netverslun er það sem koma skal að sögn Jóns Trausta Snorrasonar, netmarkaðsráðgjafa og verkefnastjóra hjá Allra átta. Allra átta er hópur sérfræðinga á netinu sem veitir íslenskum fyrirtækjum vefráðgjöf. Þeir greina þarfir, aðstoða við stefnumótun, hönnun, forritun, hýsingu og markaðssetningu á netinu.

Stöðug aukning á sölu gegnum netið á næstu fimm árum

„Samkvæmt nýjustu rannsóknum Forrester Research hefur netverslun í Ameríku síðustu fimm árin vaxið tvöfalt hraðar en öll smásala samanlögð. Það litur út fyrir að þessi þróun muni halda áfram næstu fimm árin og samkvæmt niðurstöðum rannsókna telja menn að árið 2017 muni sala gegnum netið vera tíu prósent af allri smásölu,“ segir Jón Trausti. Hann telur því ljóst að mikið sé í húfi fyrir smásala sem og heildsala. „Stærstu tækifærin og mesti vaxtarbroddurinn í netverslun verður því á netinu næstu árin.“

20% af sölu helstu netverslana eiga sér stað með „mobile“-tækjum

„Það er ekki nóg að setja „bara“ upp netverslun. Mikil aukning í notkun spjaldtölva og sú staðreynd að skjárin á þeim er stærri og notendavænni en á farsímum hefur leitt til þess að viðskiptavinir nota spjaldtölvur í auknum mæli við að kaupa vörur og þjónustu gegnum netið,“ segir Jón Trausti.

Hann bendir á að samkvæmt tölum frá fyrirtækinu Monetate aukist ekki aðeins salan á netinu

heldur séu þær upphæðir á vörum og þjónustu sem verslað er með gegnum netið stöðugt að hækka. „Rannsóknarfyrirtækið eMarketer spáir því að 62,5% af allri „mobile“-netverslun muni koma í gegnum spjaldtölvur árið 2013. Samkvæmt nýjustu spám mun netverslun gegnum spjaldtölvur og snjallsíma verða 71,5% árið 2017,“ upplýsir Jón Trausti.

„Mobile Responsive“-netverslun er nútíðin

Með markvissri netmarkaðssetningu er mögulegt að stórauka heimsóknir inn á vefsíður að sögn Jóns Trausta. „Og með því að skrifa leitarvélavæna texta og nota leitarvélbestað myndefni geta leitarvélarsíms eins og Google betur fundið síður á undan samkeppnisaðilum.“

Það er ekki lengur nóg að setja upp netverslun og vona að viðskiptavinir láti sjá sig. Vel markaðssett netverslun, sem hefur texta og myndefni sem Google getur lesið, mun koma fyrirtækjum vel áleiðis í netsölu,“ segir hann og bendir jafnframt á að það að netverslunin aðlagi sig að nýjustu „mobile“-tækjum sé ekki lengur framtíðin, heldur nú-



Þeir sem þurfa að uppfæra netverslunarkerfi eða setja upp nýja netverslun frá grunni ættu að leita til sérfræðinga. Hjá Allra átta, www.8.is, starfar hópur sérfræðinga á netinu sem veitir íslenskum fyrirtækjum vefráðgjöf.

tíðin. „Helstu kostir „Mobile Responsive“-netverslunar eru þeir að netverslunin er sérstaklega hönnuð og forrituð fyrir spjaldtölvur og snjallsíma og aðlagar sig að þessum tækjum.“

Leitaðu til sérfræðinga í netmarkaðssetningu

Þeir sem þurfa að uppfæra netverslunarkerfi eða setja upp nýja netverslun frá grunni ættu að leita til sérfræðinga að sögn Jóns

Trausta. „Þeir geta þá aðstoðað við að setja upp „mobile“-netverslun sem Google getur lesið.“

Nánari upplýsingar um Allra átta má nálgast á www.8.is

NÝJA OZ-APPIÐ FÆR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR



MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ 2013
6. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

NASHVILLE

Tvær kántrýstjörnur
berjast um hylli áhorfenda
á mánudagskvöldum.



LEIKARI ÁRSINS

Ólafur Darri fer með hlut-
verk í þáttum sem sýndir
verða á Stöð 2 næsta vetur.



FYRIR KRAKKANA

Stöð 2 sýnir vandað talsett
barnaefni. Að baki rödd-
unum liggja margar vinnu-
stundir.



PÖNK Í REYKJAVÍK

NÝIR HEIMILDARÞÆTTIR UM JÓN GNARR,
PÖNKARANN SEM VARÐ BORGARSTJÓRI Í
REYKJAVÍK



FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD



krakkar



GULL



BÍÓ



SPORT



SPORT 2

ANDLITIN Á BAK VIÐ RADDIRNAR

Stöð 2 hefur frá upphafi sýnt vandað talsett barnaefni. Að baki hverri teiknimynd liggur mikil vinna sem þýðendur og leikarar leggja á sig til að veita börnum allra bestu skemmtun.



Dóra

Vigdís Hrefna Pálsdóttir

- 1. Áttu þér uppáhaldsfrasa?** „Þegar Dóra spyr börnin: Hvað fannst ykkur skemmtilegast í dag? og því fylgir sjö sekúndna þögn.“
- 2. Skemmtilegasta atriðið?** „Þættirnir ganga út á endurtekningar. Dóra fer ferðalag og á þrjá staði. Þættirnir hafa með tímanum orðið meira absúrd og ég man eftir því að hún hefur hoppað inn í sögubækur og lent inni í ævintýrum.“
Vigdís Hrefna telur þættina afar vel heppnaða.

„Það sem mér finnst skemmtilegast er að þetta eru ævintýrapættir þar sem aðalsöguhetjan er stelpa, sem er ekki algengt. Hennar aðalmarkmið er ekki að vera sæt og þá höfða þættirnir bæði til stráka og stelpna.“

- 3. Aðrar teiknimyndapersónur sem þú hefur talað inn á?** „Ég hef talað inn á gömlu Disney-útgáfuna af Mjallhvíti sem mér þykir mjög vænt um. Ég hef lesið fyrir Öskubusku og núna síðast var ég í „The Rise of the Guardians“. Þá hef ég leikið Tannálfinn og leikið í Barbie-teiknimyndum.“



Doddi

Sara Margrét Nordahl

- 1. Áttu þér uppáhaldsfrasa?** „Nei, engan sérstakan frasa, en ég held mikið upp á hláturinn hans Dodda, hehehe.“
- 2. Skemmtilegasta atriðið?** „Þegar Eyrnastór gaf öllum í bænum hröðunarduft,“ segir Sara sem dreymdi um að fá

að talsetja frá því hún sá Konung ljónanna þegar hún var barn. Hún hefur nú unnið hjá Stúdíói Sýrlandi í rúmt hálf ár.

- 3. Aðrar teiknimyndapersónur sem þú hefur talað inn á?** „Ég hef talað fyrir Molly í Kúlugúbbunum og Tilly í Tilly og vinir auk fjölda annarra teiknimynda. Þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég geri.“



Svampur Sveinsson

Siggi Sigurjóns

- 1. Áttu þér uppáhaldsfrasa?** „Frasarnir eru svo margir en ég man engan í svipinn. Hins vegar er talsetningin mjög skemmtileg en erfið því Svampur talar svo hratt og er svo súr.“
- 2. Skemmtilegasta atriðið?** „Mér er bara

minnisstætt hvað hugmyndafluglið flýgur hátt í þáttunum.“

- 3. Aðrar teiknimyndapersónur sem þú hefur talað inn á:** „Ég hef talað fyrir ógrynni persóna. Til dæmis hef ég verið Kaninka í Bangsímon undanfarið ár. Einhverra hluta vegna tala ég oft fyrir fugla. Til dæmis fyrir fuglinn Sasú í Lion King sællar minningar.“



Strumpanir/Júlli kóngur/Nenni í Latabæ

Laddi

Laddi er ókrýndur konungur talsetningar. Hann hefur talað fyrir ógrynni persóna í gegnum árin en hæst ber þó að nefna Strumpana sem Laddi talaði inn á árið 1982. Þar talaði hann fyrir hverja og einustu persónu, strumpa, tröll, galdrakar og kisu. Var ekki erfið að muna raddir hvers og eins? „Til að byrja með var það það. Ég þurfti að búa til raddir fyrir alla og til að muna þær notaði ég lítið segulband sem ég var með raddirnar inni á. Ég mundi aðalraddirnar, Strympu, Æðstastrump og Gáfnastrump.“

Til að muna raddir strumpanna sem komu sjaldan fyrir hlustaði ég á kasettuna,“ segir Laddi og áréttar að talsetning hafi verið mun erfiðari í þá daga. „Í dag getur þú verið með eins margar rásir og þú vilt, þá hins vegar voru rásirnar aðeins tvær. Ef maður klikkaði þurfti maður bara að byrja upp á nýtt. Þetta var mjög erfiðt og seinvirkt.“

Er einhver strumpur í uppáhaldi? „Ég hugsa að æðsti strumpur sé í mestu uppáhaldi.“


Er einhver teiknimynd sem þú hefur lesið inn á í meira uppáhaldi en aðrar? „Ég man sérstaklega eftir andanum í

Aladdin og asnanum í Shrek. Þetta voru mjög skemmtilegar týpur.“



OZ-APPIÐ FÆR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

Nýja OZ-appið hefur svo sannarlega slegið í gegn síðan það var kynnt fyrir áskrifendum Stöðvar 2 í síðustu viku. Nú þegar hafa um 10.000 manns sótt það og nota



Ari Edwald forstjóri 365

að staðalri í snjallsímum sínum og spjaldtölvum eða til að streyma útsendingunni áfram á hefðbundinn sjónvarpskjá í gegnum Apple TV. Ari Edwald, forstjóri 365, segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og að áskrifendur séu mjög hrifnir af nýju þjónustunni. „Þessi nýja þjónusta er einkar vel heppnuð og viðbrögð áskrifenda okkar hafa verið mjög jákvæð. Stöðugt fleiri bætast í hópinn á hverjum degi og við sjáum hvernig margir áskrifendur nýta sér þjónustuna daglega og safna efni til að horfa á síðar.“ Ari segir sjónvarpsáhorf vera að aukast, þvert á það sem margir halda. Hins vegar séu áhorfendur farnir að horfa öðruvísi á sjónvarp en áður. „Fólk vill stjórna sjónvarpsáhorfi sínu meira en áður. Í þeim breytingum felast bæði miklar áskoranir fyrir okkur en ekki síður tækifæri. Við hjá 365 munum bakka þessa þróun upp með betri nettengingum síðar á árinu og getum þá boðið saman netáskrift og sjónvarpsáskrift.“ Áskrifendur Stöðvar 2 geta sótt um aðgangsorð fyrir OZ-appið inn á www.stod2.is. OZ-appið er ókeypis en OZ rukkar 990 kr. mánaðargjald fyrir geymslu efnisins.

ÓMISSANDI Í VIKUNNI

LÆRKEVEJ
Miðvikudag
Kl. 21.35



BREAKING BAD
Fimmtudag
Kl. 21.15

BESTA SVARIÐ
Föstudag
Kl. 20.00



LATIBÆR
Laugardag
Kl. 17.55

THE KILLING
Sunnudag
Kl. 21.20



KINGDOM OF PLANTS
Mánudag
Kl. 20.00

MIKE & MOLLY
Þriðjudag
Kl. 20.25





ILLRÆMDUR KAPÓLIKKI

THE KILLING
Kl. 21.20 sunnudaga

Bandaríski leikarinn Peter Sarsgaard hefur mikla reynslu af túlkun myrkra, óhugnanlegra og illræmdra persóna. Sjálfur er hann afar flughræddur.

Fyrsta hlutverk Sarsgaards á hvíta tjaldinu var í myndinni Dead Man Walking, en þar lék hann fórnarlamb morðingja sem var svo dæmdur til dauða. Segja má að hann hafi nú snúið við blaðinu, því í þriðju seríu þáttaröðarinnar The Killing, sem nýlega hóf göngu sína á Stöð 2, leikur hann fanga á aftökudeild.

Sjálfur segist hann alfarið mótfallinn dauðarefsingum. Hann gekk í kaþólskan grunnskóla sem var rekinn af jesúítum. Hann segir að trúarlegt uppeldið hafi haft mikil áhrif

á hann sem leikara því kaþólikkum sé kennt að elska óvin sinn. „Að missa áhugann á fjölbreyttum persónuleikum, góðum eða slæmum, er það sama og að missa trú á mannkyninu,“ sagði hann í viðtali við New York Times. Hann segir að til að setja sig í spor persóna sem hann á ekkert sameiginlegt með leiti hann til samannlegra tilfinninga eins og öfundar og óréttlætis.

Peter Sarsgaard er kvæntur Maggie Gyllenhaal og saman eiga þau tvö börn.

Sarsgaard er þó ekki eingöngu bundinn við illræmdar persónur, en hann fer til dæmis með hlutverk stjórnmálamanns í væntanlegri mynd Woodys Allen sem nú er í bígerð.

PÖNKARI VAREÐ **BORGARSTJÓRI**

Ævi Jóns Gnarr er mjög óvenjuleg. Hann var lagður í einelti í barnaskóla og varð seinna pönkari. Á fullorðinsárum varð hann einn vinsælasti grínisti landsins og ekkert sem benti til þess að hann yrði áhrifamikill stjórnmálamaður.

PÖNK Í REYKJAVÍK
Kl. 19.25 sunnudaga

Ævi borgarstjóra Reykjavíkur verður rakin í fjórum þáttum sem sýndir verða á Stöð 2 í júní og júlí. Kvikmyndagerðarmaðurinn Gaukur Úlfarsson fylgdi honum eftir í aðdraganda skrautlegrar kosningabaráttu Besta flokksins árið 2010 auk þess sem þráðurinn var tekinn upp eftir að Jón tók við embættinu. Kvikmyndin Gnarr var frumsýnd í nóvember 2010 en Gaukur gerði kvikmyndina og þættina samhliða. „Það er ekkert einasta viðtal í myndinni en í þáttunum er stúfult af þeim og farið mun ítarlegar í ævi hans. Við ræðum meðal annars við samferðamenn hans, móður og vinnufélaga. Þannig reynum við að fá skýrari mynd af þessum stórbrotna manni. Auk þess sýnum við eldra grín úr smíðju Jóns Gnarr, meðal annars úr Fóstbræðrum.“

Samstarf Gauks og Jóns byrjaði upphaflega sem hugmyndavinna að sjónvarpsþáttum. „Einn daginn kom hann á hugmyndafund í kjánalegum jakkafötum og sagðist hann hafa verið í myndatöku fyrir Morgunblaðið sem borgarstjóraefni Besta flokksins. Eftir það fóru fundir okkar að snúast meira og meira um að gantast með að búa til alls konar asnaleg slagorð og stefnumál. Eina nóttina þegar ég var andvaka kviknaði á peru hjá mér og ég vissi að ég yrði að taka allt ferlið upp. Ég myndi aldrei fyrirgefa mér ef ég hefði ekki náð því, að hafa ekki verið á staðnum og gert þetta almennilega.“

Gaukur segir allt ferlið í kringum kosningarnar hafa verið stórkostlegt gaman. „Ég vissi að Jón var fyndnasti maður sem við Íslendingar höfum átt. Ég hef unnið með mörgu fyndnu fólki en Jón er algjört séni hvað þetta varðar. Hann á sér þó líka alvarlegri hlið og tekur starf sitt sem borgarstjóri mjög alvarlega. Hann er maður sem klárar þau verk sem honum eru falin og myndi aldrei hlaupast á brott frá þeim. Það má líka ekki gleyma því að Jónsi er pönkari og pönkarar eru bestir. Við gleymum því stundum á meðan andstæðingar hans hamast við að kalla hann trúð að borgarstjórinn í Reykjavík er Jónsi pönk.“

Skemmtilegir og fróðlegir þættir um einn sérstakasta stjórnmálamann Íslandssögunnar. Fyrsti þátturinn verður sýndur sunnudaginn kl. 19.25.



„Við gleymum því stundum á meðan andstæðingar hans hamast við að kalla hann trúð að borgarstjórinn í Reykjavík er Jónsi pönk,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Gaukur Úlfarsson.
MYND/VALLI



FÁIR JAFN STÓRIR

Leikari ársins, Ólafur Darri Ólafsson, fer með spennandi hlutverk í tveimur nýjum þáttaröðum bandaríska sjónvarpsrisans HBO sem sýndar verða á Stöð 2 næsta vetur.

Ég kem við sögu í nokkrum senum en blikki menn augum gætu þeir hæglega misst af mér," segur Ólafur Darri kíminn og af stakri hógværd um hlutverk sín fyrir HBO.

Ólafur Darri er nýkominn úr víkingi í Bandaríkjunum. Hlutverk hans voru raunar þrjú og í þeim öllum er hann umvafinn þekktum nöfnum úr kvikmyndaheiminum. Hann leikur í spennumyndinni A Walk Among the Tombstones með Liam Neeson í aðalhlutverki, sjónvarpsþáttunum Banshee úr smíðju handritshöfunda True Blood og True Detectives með sjarmatröllunum Woody Harrelson og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.

„Mér þótti afskaplega vænt um Woody í Staupasteini á árum áður. Í þáttunum leik ég meira á móti Matt-hew sem er fínn gaur og mikill listamaður. Það verður líka að segjast að hann er alveg stórkostlega myndarlegur maður. Hann er áhugasamur um Ísland og ekki ólíklegt að hann eigi eftir að koma hingað til að skjóta bímynd einn daginn," segir Ólafur Darri um kynni sín af einu heitasta kyntákni samtímans.

„Víst getur verið svolítið óraunverulegt að standa augliti til auglitis við heimsfrægar kvikmyndastjörnur. Maður hefur eytt drjúgum tíma með sumum þeirra fyrir framan sjónvarpið og því eðlilegt að maður hugsi um það hvort maður sé að ruglast aðeins í ríminu. Mín reynsla er sú að þær eru algjört yndi; harðduglegt fólk sem hefur unnið baki brotnu til að komast á sinn stall og veit hvað það er að berjast í bókku. Ég fæ því ekki glýju í augun en hef ekki orðið fyrir vonbrigðum við að hitta átrúnaðar-göðin.“

Ekkert glamúrlíf

Ólafur Darri gefur lítið upp um hlutverk sín í þáttum HBO annað en að þar sé hann með skegg.

„Hlutverk mitt í True Detectives var spennandi að takast á við og þættirnir fádæma flottir og stjörnum prýddir," segir Ólafur Darri sem reiknar allt eins með að framhald verði á vinnu sinni vestra þótt ekki sé tímabært að segja frá meiru nú.

„Það eru smá peningar í þessum bransa en ég er nýliði á nýjum markaði og þarf að sýna hvað í mér býr áður en ég geri einhverjar launakröfur. Mest um vert þykir mér þó að geta unnið á fleiri en einum markaði og stækka sjóndeildarhringinn," segir Ólafur Darri. Undanfarna sjö mánuði hefur hann verið á vinnuflakki á milli Los Angeles, New York, New Orleans og Norður-Karólínu.

„Það er nú ekki mikill glamúr yfir þessu og maður er mikið einn uppi á herbergi með flugþreytu. Vinnudagar eru langir og lítill tími til leiks. Ég les þó mikið, vinn í eigin verkefnum og er orðinn helvíti góður í að fara einn í bíó. Það hefur mér reyndar alltaf fundist skemmtilegt en hef nú haft fullkomna ástæðu til," segir hann og hlær.

Bandarískur ríkisborgari

Ólafur Darri segist ekki hafa dreymt um það í sekúndu að eiga eftir að leika í Bandaríkjunum þegar hann ákvað að leggja leiklist fyrir sig.

„Nú er meiri áhugi á erlendum leikurum vestra, sérstaklega

skandinavískum, og það hefur opnað mér dyr. Sjónvarp er á miklu flugi um þessar mundir og stórleikarar sækjast eftir að leika í sjónvarpsþáttaröðum.“

Vegferð Ólafs Darra hefur verið mikil á liðnum árum og fyrir viku hlaut hann Grímuna sem besti leikari á árinu fyrir Mýs og menn. Þá er margt spennandi í farvatninu heima, eins og Hamlet í Borgarleikhúsinu og sjónvarpsþættirnir Ófærð eftir Baltasar Kormák og Sigurjón Kjartansson.

„Ég veit eiginlega ekki hvers vegna mér hefur gengið svona vel. Ég er dálítið sérstök týpa því í leikarastétt eru ekki margir jafn stórir og ég. Það getur hjálpað eins mikið og það getur skemmt fyrir. Sem leikari í íslenskum bíó-

myndum, leikhúsum og sjónvarpi hef ég fengið gríðarleg tækifæri og reynslu sem hefur sitt að segja, og sú staðreynd að ég fæddist í Bandaríkjunum og hef bandarískan ríkisborgararétt ævina út skemmir ekki fyrir. Því get ég gengið í vinnu úti án þess að þurfa að taka þátt í happdrættinu um græna kortið," segir Ólafur Darri sem hlakkar til að sjá afraksturinn í vetur.

„Ég horfi óhræddur á sjálfan mig í myndum þótt mér þykir það alltaf nett óþægilegt. Kollurinn er alltaf í vinnunni og maður leitar að því sem betur mátti fara. Ég er að ná þeim þroska sem þarf til að geta séð hvenær ég geri vel og hvenær ekki. Það er mikilvægt að geta horft á eigin verk og hluti af leikarastarfinu, eins og lífinu, að læra af reynslunni.“

Ég fæ ekki glýju í augun en hef ekki orðið fyrir vonbrigðum að hitta átrúnaðar-göðin.

NAS

NASHVILLE
Kl. 20.00 mánudaga

Fyrsti þáttur Nashville verður sýndur á Stöð 2 mánudaginn 24. júní. Þættirnir fjallar um kántrísöngkonuna Raynu James, sem muna má sinn fífil fegurri og ferillinn farinn að dala. Ungstirnið Juliette Barnes er hins vegar á uppleið á ferlinum og á framtíðina fyrir sér. Rayna sér þann kost vænstan að reyna á samstarf þeirra beggja til að eiga von á að geta haldið áfram í bransanum.

Nashville-þættirnir hlutu góða dóma gagnrýnenda við frumsýningu þáttanna í Bandaríkjunum og þegar hefur verið ákveðið að ráðast í gerð annarrar þáttaraðar. Aðalleikkonurnar, Connie Britton og Hayden Panettiere, voru báðar tilnefndar til Golden Globe-verðlauna fyrr á árinu fyrir hlutverk sín í þáttunum.



SLAGUR KÁNTRÍ

Connie Britton

Bandarísk leikkona, söngkona og framleiðandi.

- Britton er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Nikki Faber í gamanþáttunum Spin City, sem Tami Taylor í Friday Night Lights og sem Vivien Harmon í hryllingsþáttunum American Horror Story.
- Hefur leikið í nokkrum kvikmyndum. Sú fyrsta var The Brothers McMullen en auk þess hefur hún leikið í Friday Night Lights og A Nightmare on Elm Street.
- Hefur verið tilnefnd til nokkurra Emmy-verðlauna.
- Britton ættleiddi son frá Eþíópíu.
- Hún lærði kínversku í háskóla.
- Þegar Britton fékk hlutverk í Nashville ákvað hún að flytja til Nashville.





-KVENNA

Hayden Panettiere

Bandarísk leikkona, söngkona og fyrirsæta.

- Þrátt fyrir ungan aldur (23 ára) á Panettiere langan feril að baki.
- Hún lék í auglýsingu 11 mánaða gömul.
- Fimm ára gömul landaði hún fyrsta hlutverkinu í þáttunum One Life to Live, en hefur síðan leikið í þáttum á borð við Guiding Light og Heroes en líklega er hún þekktust fyrir þá þætti þar sem hún lék klappstýru með sérstaka hæfileika.
- Hún hefur leikið í nokkrum kvikmyndum, til dæmis Remember the Titans þegar hún var tólf ára, Message in a bottle, Bring it on: All or nothing, Raising Helen, Ice Princess og Scream 4.
- Panettiere er af þýskum og ítölskum ættum en Panettiere þýðir bakari á ítölsku.
- Leikkonan á ekki langt að sækja leikáhugann en móðir hennar er fyrrverandi sápuóperuleikkona.
- Hefur starfað sem fyrirsæta. Varð til dæmis andlit Neutrogena árið 2006.
- Kærasti Panettiere er úkraínski boxarinn Wladimir Klitschko.
- Panettiere er aðgerðarsinni og hefur barist fyrir verndun hvala og annarra sjávardýra.



SÍÐASTA ÞÁTTARÖÐIN AF BREAKING BAD

BREAKING BAD
Kl. 21.15 fimmtudagur

Bandaríska þáttaröðin Breaking Bad snýr aftur á Stöð 2 á fimmtudagskvöld. Þetta er fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin um Walter White og umsvif hans í eiturlyfjabransanum. Leikarinn Bryan Cranston er í aðalhlutverki í Breaking Bad en hann vakti fyrst athygli sem pabbinn í gamanþáttunum Malcolm in the Middle. Hann sýndi á sér nýja hlið þegar hann tók að sér hlutverk Walters White, fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumanns, sem var orðinn hundleiður á lífinu. Þegar hann fékk fréttir af því að hann væri með krabbamein

ákvað hann að nýta efnafræðikunnáttu sína og hefja framleiðslu fíkniefna. Cranston hlaut Emmy-verðlaunin þrjú ár í röð fyrir frammistöðuna í þáttunum. Breaking Bad hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og þykir ein besta sjónvarpsþáttaröð sem framleidd hefur verið. Þættirnir eru sýndir á AMC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum sem þegar hefur sýnt fyrstu átta þættina sem núna verða teknir til sýninga á Stöð 2. Síðari hlutinn er væntanlegur seinna í sumar og verður hann sýndur á Stöð 2 aðeins þremur sólarhringum eftir frumsýningu á AMC.



MYND HELGARINNAR



PROMETHEUS
Kl. 21.55 Laugardag

Leikstjórinn Ridley Scott og teymi hans dvöldu langdvölum á Íslandi fyrir nokkru við tökum á Prometheus og afaksturinn má sjá hér á Stöð 2. Með aðalhlutverk fara Noomi Rapace (Karlar sem hata konur) og Charlize Theron.

10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR
Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur

Flypaper

Rómantísk gamanmynd frá höfundum Hangover um bankarán sem fer gjörsamlega úr böndunum. Með aðalhlutverk fara Patrick Dempsey og Ashley Judd.



Sunnudagur

Extremely Loud & Incredibly Close

Tom Hanks og Sandra Bullock í einkar áhrifamikilli mynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna sem besta mynd ársins.



Mánudagur

Wanderlust

Skemmtileg gamanmynd með Paul Rudd og Jennifer Aniston um par frá Manhattan sem skiptir um gír og flytur úr stórborgarlífinu upp í sveit.



Þriðjudagur

The Next Three Days

Hörkufín spennamynd með Russell Crowe um mann sem neyðist til að taka upp varnir fyrir eiginkonu sína sem ákærð er fyrir morð.

Fimmtudagur

War Horse

Mögnuð mynd úr smíðu Stevens Spielberg um fallega vinnu áttu ungs manns og hestsins hans í skugga stríðsátaka.



Föstudagur


Brooklyn's Finest

Hörkufín spennamynd með Richard Gere, Don Cheadle og Ethan Hawke. Leiðir þriggja ólíkra lögreglumanna liggja saman á hættuslóð.

Laugardagur

The Nines

Spennandi og yfirnáttúruleg mynd um líf nokkurra einstaklinga sem fléttast óvænt saman. En þeir eiga kannski meira sameiginlegt en gæti virst í fyrstu.



Stöð 2 Bío fylgir frítt með áskrift að Stöð 2

73% AFSLÁTTUR



SKEMMTILEGT VILDARTILBOÐ Í SKEMMTIGARÐINN GRAFARVOGI

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 að eiga frábæra stund með fjölskyldunni í Skemmtigarðinum í Grafarvogi á sérstökum vildarkjörum.

Áskrifendur geta keypt tíma í Lasertag á aðeins 1.500 kr. í stað 5.500 kr. Að auki fylgja 36 minigolfbrautir FRÍTT með.

Tilboðið gildir alla virka daga í júní frá kl. 16-19.

Lasertag-ferð með fjölskyldunni er æsispennandi ferð sem enginn gleymir – safnaðu skemmtilegum fjölskyldustundum með Stöð 2 Vild.

Kynntu þér þetta og fleiri spennandi Vildartilboð nánar inni á stod2.is.

Stöð 2 Vild – er snilld.



KNATTSPYRNU-STJÖRNUR FRAMTÍÐAR

Sumarmótin á fimmtudögum á Stöð 2 Sport.

Stöð 2 Sport mun gera knattspyrnumótum barna og unglunga góð skil í sumar líkt og undanfarin ár í þáttunum Sumarmótin sem verða á dagskrá á fimmtudögum. Íþróttafretta- maðurinn og gleðigjafinn Guðjón Guðmundsson hefur umsjón með þáttunum og hann hefur séð marga af efnilegustu knattspyrnumönnum landsins stíga sín fyrstu spor á knattspyrnuvelli.

Fjörð hefst með þætti um Þæjumótið í Eyjum. Það voru ÍBV og TM sem héldu mótið um

sl. helgi og þátturinn verður sýndur á fimmtudag klukkan 19.00. Þar eru það stelpur í 5. flokki sem sýna hvað í þeim býr.

Um næstu helgi fer fram Norðurlásmótið hjá 7. flokki drengja á Akranesi og verður þáttur um það mót sýndur fimmtudaginn 27. júní kl. 20.00. Næstu vikurnar tekur síðan hvert mótið við af öðru. Þáttur um Shell-mótið í Eyjum (6. flokkur drengja) er á dagskrá 4. júlí, N1-mótið á Akureyri (5. flokkur drengja) er sýndur 11. júlí, Síamótið í Kópavogi (5., 6. og 7.


flokkur stelpna) er á dagskrá 25. júlí og þáttur um hið alþjóðlega mót Rey Cup í Reykjavík er á dagskrá fimmtudaginn 1. ágúst.

Í þáttunum er fjallað ítarlega um knattspyrnumótin sjálf, sýnd glæsileg tilþrif, falleg mörk og farið yfir úrslitin. Það er þó fyrst og fremst stemningin og upplifun keppenda sem verður fönguð í myndum og máli.

Með Guðjóni við gerð þáttanna vinnur Steingrímur Jón Þórðarson sem hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir mannlífspáttinn Sjálfstætt fólk.


Til hamingju

með sjónvarp framtíðarinnar



iPad 4

Verð frá: **89.990.-**



iPad mini

Verð frá: **59.990.-**



iPhone

Verð frá: **79.990.-**



iPod touch

Verð frá: **43.990.-**

Tilboð:

iPad mini WiFi 16GB + Apple TV

76.990.-*

Listaverð: 83.980.-



Með Apple TV er hægt að senda beint úr OZ appinu í sjónvarpið**

epli.is

Smáralind


Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

Laugavegi 182

Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

Birt með fyrirvara um prentvillur og verbreytingar.
* Tilboð gildir til 30. júní 2013.
** Sjónvarp þarf að vera með HDMI tengi til að tengjast Apple TV.

PHILIPS



**4stk
3D gleraugu
fylgja**

**47"
LED**

3D SMART LED TV



Philips 47PFL6097T

- 3D Smart LED TV
- Full HD 1920 x 1080 Pixel PreciseHD
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 600 Hz Perfect Motion Rate
- Easy 3D og 2D-3D conversion
- Smart TV nettenging
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- Stafr. DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 3x USB, 5x HDMI, VGA, CI rauf
- Skype möguleiki og EasyLink
- App fyrir iPhone/Android síma o.fl.



**VERÐ
249.995**
FRÁBÆRT VERÐ



HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

Philips 32HFL7406D

- Örpunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf.

**32"
LED** ÖRPUNNT LED



**VERÐ
129.995**
FRÁBÆRT VERÐ



HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

Philips 42HFL7406D

- Örpunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf.

**42"
LED** ÖRPUNNT LED



**VERÐ
179.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Heimilistæki ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

Þú þarft ekki að kynna þig aftur

Þú þarft bara einn notanda fyrir allar síðurnar
í tölvunni, símanum eða spjaldtölvunni



Innskráning

Tónlist, bækur og miðar í bíó. Eitt og sama notandanafnið virkar á allar síðurnar þannig að notandi þarf aðeins að skrá sig einu sinni inn til að hafa aðgang að öllum síðunum.

 **Tónlist.is**

Tónlist.is er íslensk tónlistarveita með íslenska og erlend tónlist.

 **Bækur**

Stærsta bókabúð landsins. Íslenskar og erlendar raf- og hljóðbækur í miklu úrvali.

 **eMiði**

Ný miðaverslun á netinu sem selur miða á allar sýningar í Smárabíói og Háskólabíói.

Prjónafuglinn flýgur af landi brott

Hjónin Lilý Erla Adamsdóttir, myndlistarkona og textílnemi, og Trausti Dagsson, forritari og þjóðfræðinemi, sameinuðu áhugamál sín og hönnuðu forrit fyrir prjónaáhugafólk. Með því geta notendur hannað prjónauppskriftir, til dæmis upp úr ljósmyndum og öðrum myndum á tölvutæku formi. Forritið má nálgast á vefsíðunni www.knitbird.com.

Þetta hófst skömmu eftir að við byrjuðum saman. Ég er alltaf prjónandi og það vakti áhuga Trausta á prjónauppskriftum. Honum datt þá fljótlega í hug að gera lítið forrit til að teikna mynstur fyrir uppskriftir," segir Lilý Erla Adamsdóttir, myndlistarkona og nemi í textíl við Myndlistaskólann í Reykjavík. Trausti Dagsson, eiginmaður hennar, er mastersnemi í þjóðfræði, forritari og hönnuður í frístundum.

Hugmyndin um litla forritið gleymdist raunar, en fyrir jóln 2010 vantaði Lilý sárlega slíkt forrit því hana langaði að gefa fólkinu sínu rósabandsvettlinga með eigin mynstri. Þá hannaði Trausti einfalt teikniforrit. Jafnframt því sem vettlingunum fjölgaði datt Lilý fleira í hug sem gæti bætt forritið og bað Trausta að bæta því við. „Að lokum var það orðið mun umfangsmeira en við höfðum séð fyrir okkur, svo við ákváðum að þróa það enn meira og deila því með öðrum.“

Útkoman var KnitBird sem er forrit til að teikna prjónauppskriftir. Það hefur flest tákinn sem notuð eru í uppskriftum, tákni fyrir úrtökur og útaukningu, kaðla og fleira sem flóknari prjónauppskriftir þurfa að hafa. Hægt er að setja inn texta og breyta myndum í mynstur. „Svo er



Trausti Dagsson klæðist hér peysu sem Lilý prjónaði og hannaði með hjálp KnitBird.

MYND/DANIEL RÚNARSSON

nóg af verkfærum til að snúa, spegla og færa til mynstrið sem verið er að vinna. Það auðveldar manni að gera símynstur og samhverfur. Auðvelt er að skipta út litum til að bera saman mismunandi litasamsetningar," segir Lilý og bætir við að þeim finnist mikilvægt að forritið sé einfalt í notkun.

Það er nóg að gera hjá hjónunum



Lilý Erla Adamsdóttir er síprjónandi og stundar nú nám í textíl við Myndlistaskólann í Reykjavík.

MYND/DANIEL RÚNARSSON

í sumar, en jafnframt því að sinna ýmsum verkefnum, svo sem myndlistarsýningum og mastersverkefni, vinna þau að uppfærslu KnitBird-forritsins. „Til dæmis viljum við að forritið bjóði upp á uppskriftir að vettlingum, peysum, húfum, sokkum og fleiru sem má svo teikna inn á," segir Lilý. „Við höfum fengið ábendingar


frá notendum og könnuðum einnig hvað fólk líkaði eða mislíkaði, hvaða möguleika fólk væri að nota og hvað ekki. Við ætlum að endurhanna viðmótið og reyna að einfalda allt til muna.“

Hægt er að kaupa forritið á heimasíðunni www.knitbird.com, en Lilý segir sösluna hafa gengið ágætlega. „Í

fyrstu seldum við mest innanlands en núna virðist meira en helmingur notenda vera utan landsteinanna, meðal annars í Noregi og Bandaríkjunum.“

Lilý hefur auk þess opnað prjónablogg með persónulegu ívafi á síðunni blog.knitbird.com.

halla@365.is



Baldur Traustason, sonur prjónahjónanna, kann vel við teppið sem mamma hans hannaði með hjálp KnitBird-forritsins.

Teppið er prjónað úr tvöföldum plötulopa með garðaprjóni. Hver rúða á myndinni táknar tvær lykkjur og tvær umferðir.

Í lokin er heklaður kantur að vild utan um teppið, en mín aðferð var að hekla fastalykkjur allan hringinn og svo takkabúndu ofan í þær. Hún er heklud þannig að það er heklað í aðra hverja lykkju: tveir hálfstuðlar, einn stuðull og tveir hálfstuðlar.

Að lokum er gott að handþvo teppið upp úr lopasápu eða engri sápu og leggja til þerris. Góða skemmtun og gangi ykkur vell!



Allar flugurnar sem Veiðiflugur selja koma úr smiðju Jóns Inga Ágústssonar. Flugurnar á myndinni kallast Sun Ray Fish Skull.

MYND/JÓN INGI ÁGÚSTSSON

Bestu laxaflugurnar allar á einum stað

Verslunin Veiðiflugur er eina sérhæfða fluguveiðiverslun landsins og er fluguúrvalið eftir því. Þar má finna mesta úrval landsins af veiðiflugum og gæðin eru ávallt í fyrirrúmi.

„Allar okkar flugur koma úr smiðju Jóns Inga Ágústssonar og eru í hæsta gæðaflokki," segir Hilmar Hansson, eigandi verslunarinnar. „Við vorum að taka inn stærstu sendingu sumarsins og meðal nýjunga eru Tiger-snældur, Fish Skull Sunray, Dreka-snældur, Tungsten Francis-túpur og fjórar tegundir af nýjum foam-þurrflugum fyrir silung og margt fleira.“

Auk þess býður verslunin upp á mikið úrval af púpum og straumflugum fyrir silung og yfir 50 tegundir af þurrflugum fyrir silung. „Við erum að sjálf-sögðu með gífurlegt úrval af hefðbundnum laxaflugum, einkrækjum, tvíkrækjum og þríkrækjum," segir Hilmar og bætir við að þau leggi áherslu á að vera



alltaf með eitthvað nýtt á hverju ári. „Við tókum nýlega við umboðinu fyrir hinar frábæru Loopveiðivörur á Íslandi. Og nú í vor kom svo Guideline með enn eina verðlaunastöngina, LXI.“

Verslunin er ævintýraland fyrir veiðimenn og þar fæst ríku-

legt úrval veiðivarnings af öllu tagi. Flestar vörurnar fást einnig í netverslun Veiðiflugna, ásamt flugum og fróðleik.

Veiðiflugur eru á Langholtsvegi 111 í Reykjavík, sími 527-1060. Nánari upplýsingar á www.veidiflugur.is og www.fishingflies.is.

BUY IS

Stór epli, lítil epli, allskonar epli

Á góðu verði fyrir þig!



MacBook Air 11"

128GB
\$1.119
169.926
MD711LL/A

256GB
\$1.419
215.482
MD712LL/A



MacBook Air 13"

128GB
\$1.219
185.111
MD760LL/A

256GB
\$1.519
230.668
MD761LL/A



MacBook Pro 13,3"

2,5GHz
\$1.235
187.541
MD101LL/A

2,9GHz
\$1.785
271.061
MD102LL/A



MacBook Pro 15"

MD103LL/A
\$2.099
318.744
MD103LL/A



MacBook Pro 13" Retina

2,5GHz
\$1.659
251.927
MD212LL/A

2,6GHz
\$1.879
285.336
ME662LL/A



MacBook Pro 15" Retina 256GB

2,4GHz
\$2.455
372.804
ME664LL/A

2,7GHz
\$3.150
478.343
ME665LL/A



iPhone 5
16GB
Black/White

\$755
114.651.-



Mac Mini

2,5GHz
\$756
114.802
MD387LL/A

2,3GHz
\$952
144.566
MD388LL/A

server
\$1.208
183.441
MD389LL/A



iPod Touch Retina
Black & Silver 16GB

\$290
44.038.-



Apple Care
3 ára ábyrgð

verð frá
27.182.-

Greiðslumöguleikar: Erlend bankamillifærsla, Greiðsla með Visa, Euro eða Amex, Greiðsla með PayPal.

Öll verð miðast við gengi USD gagnvart ISK og geta breyst án fyrirvara.

Öll verð eru með 25,5% vsk en við pöntun er greitt í USD fyrir vöru og flutning. 25,5% vsk greiðist við afhendingu.

Viðskiptavinir Buy.is velja samkeppni og flytja sjálfir inn sínar Apple vörur. Þannig getur "umboðsaðili" Apple á Íslandi ekki komið í veg fyrir innflutninginn og þar með lækkar verð Apple vara á Íslandi. Allar vörur sem Buy.is selur eru seldar með lögbundinni 2 ára ábyrgð til neytenda en 1 árs ábyrgð til fyrirtækja þjónustuaðili vegna ábyrgðarþjónustu er Tölvugreining.is - www.tolvugreining.is

Buy.is LLC 1001 Cambridge Square, Atlanta, Georgia, USA • Sími: 415-1100



ILLA HANNAÐAR VEF-SÍÐUR VARASAMAR

Svikahrappar sitja stöðugt um þá sem versla á netinu í von um að komast yfir nákvæmar upplýsingar, til dæmis kortanúmer. Á vefsíðunni money.msn.com er þeim sem stunda vefverslun meðal annars ráðlagt að varast vefsíður sem eru illa hannaðar hvað útlitið varðar. Illa samsett síða gefur til kynna að ekki standi fagmenn á bak við hana. Það sama á við um síður þar sem margir sprettigluggar (e. pop-up window) birtast sem ekki er hægt að loka. Ef það gerist skal loka glugganum og slökkva á vafranum.

Þá er talið varasamt að opna vefsíðir sem sendar eru í tölvupósti, beint úr póstinum. Það sé líklega svindlsíða á ferðinni þar sem alvöru netverslanir biðji kaupendur ekki um bankaupplýsingar í gegnum tölvupóst. Öruggara er að slá inn vefsíðu þeirrar síðu sem ætlunin er að skoða handvirkt inn í nýjan glugga.



FYRSTA NETVERSLUNIN

Talið er að fyrsta netverslunin hafi verið sett á stofn af veitingastaðnum Pizza Hut árið 1994. Þar var hægt að panta pitsur í gegnum netið. Hugmyndin vaknaði í kjölfar þess að bankar opnuðu einkabanka fyrir viðskiptavinum sína á netinu. Eftir þetta byrjaði boltinn að rúlla og ári síðar voru fyrirtækin Amazon og Ebay stofnuð sem eru í dag tvær stærstu netverslanir í heiminum. Amazon var stofnað sem bókabúð á netinu og Ebay sem uppboðsfyrirtæki en í dag eru þessi fyrirtæki lík að mörgu leyti.

ÍSLENSKIR TOLLAR OG ERLENDAR NETVERSLANIR

Ýmis gjöld eru lögð á vörur sem pantaðar eru á netinu, þegar þær koma til landsins. Á verð frá seljanda leggst flutningsgjald og trygging, tollurinn reiknast út frá þeirri summu, virðisaukaskatturinn bætist ofan á þá heild og að lokum greiðast þjónustugjöld til tollmiðlara. Verðið getur því hæglega tvöfaldast og jafnvel meira, sé um að ræða ódýra vöru.

Gjöldin eru mismunandi eftir því hvað pantað er, en á vefsíðu tollsins er reiknivél sem auðveldar almenningi að áætla kostnaðinn.

Þegar verslað er við land sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við gæti tollurinn verið lægri eða jafnvel enginn, en til þess þarf innflytjandi að óska eftir fríðindameðferð og framvísa sönnun um uppruna vörunnar.

Gjafir eru í ákveðnum tilvikum tollfrjálsar, en upplýsingar um þau tilvik má nálgast á heimasíðu tollsins.

Heimild: www.tollur.is



HVAR OG HVENÆR SEM ER

Með Arion appinu tekur þú stöðuna með einum smelli hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á Arionbanki.is.



Skannaðu QR kóðann og sæktu appið frítt í símann þinn.



 Arion banki

LITRÍKAR Á FLUGI

ÆPANDI Flugfélög um víða veröld eru sífellt að útfæra vélar sínar á litríkan og skapandi hátt.

Vélarnar eru sumar málaðar í sterkum litum og myndir skreyta sumar þeirra. Vélarnar eru áberandi þar sem þær standa á flugvöllum um víða veröld og eftir þeim er tekið. Hér áður fyrr voru allar þotur hvítar en nú er öldin önnur í þeim efnum. Sumum finnst þessar litríku flugvélar ljótar en öðrum fellur litagleðin vel í geð.

Finnska flugfélagið Finnair hefur gert samning við finnska hönnunarfyrirtækið Marimekko um notkun á hönnun þess. Marimekko-blómin skreyta þotur félagsins og áhöld um borð eru í stíl.



FINNAIR Finnska flugfélagið skreytir vélarnar með munstri Marimekko.



NOK AIR Tailenska flugfélagið Nok málar vélarnar eins og fugla. Mörgum finnst þetta hræðilega ljótt.



ICELAND EXPRESS Vél Iceland Express á meðan það flugfélag var starfandi var skreytt með Iron Maiden.



MANGO AIR Afrísku félögin nota áberandi liti. Hér má sjá vél frá Mango Air í Suður-Afríku.



NÝJA-SJÁLAND Flugfélagið Air New Zealand skreytir sig með myndum úr kvikmyndinni Hobbítanum.



FRÁBÆRT VERÐ Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr.

MYND/GVA

Texasborgarar kynna

LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

Íslenskt lambkjöt hefur fengið heiðursress á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaféna. Þetta er því eins hreint og

heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteyktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaise-sósa. Nánar á texasborgarar.is og á Facebook.



ÚTSALAN

50% AFSLÁTTUR

LÍKA AF REGNFATNAÐI

EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA GÓÐ KAUP Á SÉRSTAKRI 20 ÁRA AFMÆLISÚTSÖLU

ILSE JACOBSEN

GARÐATORGI - GARÐABÆ

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 150 GX 10/2011 ek. 48þús. 7manna. Sjálfskiptur. Búinn í 45þús km skoðun. Okutæki er á staðnum. Ásett verð 9.680.000.- Rnr.285822



Honda Insight 1.4 5 Hybrid 6/2011 ek. 1þús. Eyðsla um 4-5 L. Sjálfskiptur. Okutæki er á staðnum. Ásett verð 3.990.000.- Rnr.285070



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir mótorkjólafólk, hjálmar, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is



KIA Ceed ex 1.6 new 2012. Árgærd 2012, ekinn 7 PKM, dísel, 6 girar. Verð 3.990.000. Rnr.210007.



NISSAN Qashqai+2 se. Árgærd 2011, ekinn 57 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.160330.



MMC Pajero intense. Árgærd 2009, ekinn 56 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.990294. Staðgreiðsluverð kr: 5.890.000.-



MINI Cooper. Árgærd 2004, ekinn 75 PKM, bensín, 5 girar. Verð 1.790.000. Rnr.210011.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Nýr Dodge Durango Crew Metan / Bensín, V6, 290hó, eyðsla 11 l/100km í blönduðum akstri, Stór glæsilegur, mjög vel búinn og flottur jeppi á ótrúlegu verði, Verð 8.690þ.kr, Bíllinn er í salnum, komdu og skoðuðu úrvalið, nr 130121,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16
http://www.isband.is




CHEVROLET Captiva. Árgærd 2006, ekinn 113 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.980.000. Rnr.155259

JR Bílasala
Bíldshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
Okkur vantar bíla á skrá og í stæði
www.jrbilar.is



VILTU KAUPA EÐA SELJA!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn og ferðavagninn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is



Vissir þú að...
börn ega ræll
að leita sér



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu



LEGACY TILBOÐ 199ÞÚS !
Subaru Legacy árg'99 ek. 240þús. sjálfssk. sk. ,14 Goður bíll á 199þús. S. 891 9847.



MERZEDES BENS C200 KOMPRESSOR AVANTGARDE 2003 EK. 102 PKM. SJÁLFSK. SKOÐAÐUR, SUMAR/ VETRARD. Á FELGUM, VERÐ 1490 P. S. 895 8956



Nærri 50% lægra verð! Nissan Leaf Tilboð frá Kr. 2.995.000!
islandus.is
Sími 552 2000 - Ódyran Bílar & Metan

Nærri 50% lægra verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirárbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000.

Impreza ,99-'00 árg. ek. 62þ. Sjálfsk. 2,0L S+Vdekk á felgum. Nýsprautaður. V.550þ. S:898 7898 e. kl 17.

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST
Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

!!! VANTAR ÓDYRAN BÍL !!!

Fyrir allt að 200þús. staðgreitt, árgærd ,98 - ,03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa.

Nánari upplýsingar í s. 777 3077.

Sendibílar



Ford Transit T350 með kassa, árg 9.2010, ek. 66þ, 140hp Dísel, 6 girar, rúmgóður kassi 240 H x 4.20 L. glæsilegur bíll. Uppl í s: 892 1116



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílar



Man 18-350 LL ,ek. 115þ, loft framan og aftan, beisk, slétt gólf, 400l tankur, ný dekk, gáma grind, bíllinn er eins og nýr, skráist sem nýr á götuna. Gott verð. Uppl í s: 892 1116

Fellihýsi

Tjaldvagnar
Fellihýsi
Hjólhýsi
Húsbílar

Umboðssala
Risasýningarsvæði
Korputorgi

Korputorg 1 112 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn



Palomino Colt árgærd 2005 Mjög gott eintak. Sólarsella, ískápur, truma-miðstöð, 2 gaskútar og grjótrind. Eggjabakkadýnur og svefntjöld. Ný yfirfarir og alltaf geymt inni. Tilboðs verð: 750.000.- stgr. Uppl. í s. 825 5802.

Vinnuvélar



Til sölu Case 695 árg 2004. Notk. 4.080 tímar. Vel með farin og góð vél. Verð aðeins 4,9 mill stgr auk vsk. Uppl. í síma 864 3000.

Lyftarar



KÖRFUBÍLALEIGA

Ódyr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

LÉTTIR Fyrirferðalittir Hjóðlátir
Kraftmiklir Sparmeytnir 2,5-140 hó

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

til sölu

Toyota Aygo 1.0 VT-i - NÝJIR BÍLAR

Árgærd 2013, beinskiptur, loftkæling. Eyðir 4,3 l/100. Getum afhent bíla strax. Verð: 1.890.000 Verð frá umboði: 2.290.000

Möguleiki á allt að 80% fjármögnun. 5 ÁRA ÁBYRGÐ. Raðnúmer 133070.

Kletthálsi 2 • 110 Rvk
S. 586 1414 • www.stora.is

STÓRA BÍLASALAN

Club Car Precedent Golfbílar

Nýir eða notaðir
Bensín eða rafbílar
4ra ára ábyrgð á rafgeymum

ORIGINAL Club Car hleðslutæki fylgja rafbílum
Club Car umboðsaðili á Íslandi

Vetrarsól ehf., Askalind 4, Kóp. Sími 5641864

til sölu

VW Crafter 20 sæta • Nýr bíll

- Leður á slífflötum á sætum
- Stíllanleg sæti
- Rafmagnshurð
- Hátalar-/hljóðkerfi
- Ljós og hitastillingar í hallahlilla fyrir hvert sæti
- Fararstjórásæti
- Miðstöðvarkerfi
- Stækkuð farangursgeymsla
- Dráttarkrókur
- Verksmiðjuábyrgð

Verð kr. 9.900.000 • Til afhendingar strax.
Sími 842-5886 eða á runar@exm.is



SÝNA VARNINGINN Systurnar Margrét Helga Skúladóttir og Guðrún Eysteinsdóttir vinna að stofnun sprotafyrirtækisins Textílprentun sem sérhæfir sig í stafrænni prentun á náttúruleg efni.

FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFÁN

Þúsundasta konan til þess að útskrifast

Margrét Helga Skúladóttir er þúsundasta konan sem útskrifast úr nýsköpunarnámskeiðinu Brautargengi sem er á vegum Nýsköpunarsjóðs Íslands.

Brautargengi er námskeið á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem sniðið er að þörfum kvenna með viðskiptahugmyndir sem þær vilja hrinda í framkvæmd. Nýsköpunarmiðstöðin hóf að halda námskeiðið árið 1996 og hefur alls 1.021 kona lokið því. Í því felst að þær hafa búið til heildstæða viðskiptaáætlun í kringum viðskiptahugmyndir sínar.

Margrét Helga Skúladóttir varð nýverið þúsundasta konan sem útskrifast úr námskeiðinu frá upphafi en hún hlaut jafnframt verðlaun fyrir bestu viðskiptaáætlun námskeiðsins ásamt systur sinni Guðrúnu Eysteinsdóttur.

Þær Margrét Helga og Guðrún eru í sameiningu að koma af stað fyrirtækinu Textílprentun Íslands. Fyrirtækið mun sérhæfa sig í stafrænni textílprentun sem snýst um að prenta með stafrænni tækni á náttúruleg efni eins og silki, ull og bómull. „Þetta var hugmynd sem við fengum á síðasta ári eftir að við áttuðum okkur á því að það væri algjört gat á markaðnum á sviði textílprentunar,“ segir Margrét Helga en Guðrún systir hennar er menntaður textílhönnuður frá Glasgow School of Art. Eftir að systurnar fengu hugmyndina skráðu þær sig í Brautargengi með það fyrir augum að ljá hugmyndinni vængi. „Námskeiðið gaf okkur einstaklega góða innsýn í það hvernig fyrirtæki virka og lét okkur stíga örlítið út fyrir þægindarammann. Það hafði virkilega góð áhrif á mig,“ segir Margrét Helga.

Systurnar gerðu ítarlega markaðsrannsókn á meðan á námskeiðinu stóð sem Margrét Helga segir að hafi verið ein meginástæðan fyrir því að þær fengu verðlaun fyrir bestu viðskiptaáætlunina. „Það kom í ljós að það eru mjög margir að kaupa sér þjón-

“ Þetta var hugmynd sem við fengum á síðasta ári eftir að við áttuðum okkur á því að það væri algjört gat á markaðnum á sviði textílprentunar [...] Námskeiðið gaf okkur einstaklega góða innsýn í það hvernig fyrirtæki virka og lét okkur stíga örlítið út fyrir þægindarammann.

ustu í útlöndum. Rannsóknin leiddi því í ljós að hægt væri að veita þessum aðilum hraðari þjónustu hér á landi en þeir fá núna,“ segir Margrét Helga sem vonast til þess að fyrirtækið geti hafið starfsemi í sumar. „Við erum konnar með húsnæði og erum að sækja um kennitölu. Nú bíðum við eftir að fá að vita hvort við fáum lántryggingu hjá nýsköpunarsjóðnum Svanna,“ segir Margrét Helga, sem er byrjuð að setja sig í stellingar.

Margrét Helga hefur verið heimavinnandi undanfarið og alið upp börnin sín tvö. Hún segir að Brautargengi hafi verið gríðarlega mikilvægt fyrir hana til þess að öðlast sjálfstraust og hvatningu varðandi það sem hún er að fást við. „Mér þótti mjög gott að vera á þessu námskeiði eingöngu með konum sem allar voru á svipuðum stað og ég,“ segir Margrét Helga, sem telur afar mikilvægt að námskeið eins og Brautargengi sé í boði fyrir konur til þess að þær geti eflt tengslanet sitt og sameinað styrk sinn í atvinnulífinu.

Konur í stafni íslenskra fyrirtækja

Ímynd forstjórans er gjarnan af miðaldra karli í jakkafötum. Flestir geta hins vegar talið konur sem stjóra hér fyrirtækjum á fingrum annarrar handar. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að þær eru heldur fleiri. eru hér tíndar til nokkrar í stóli forstjóra og framkvæmdastjóra.



SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR (50 ára) forstjóri VÍS. Hjá fyrirtækinu starfa 225 manns. Sigrún er löggiltur endurskoðandi og með MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík.



ÁSTA DÍS ÓLADÓTTIR (41 árs) Framkvæmdastjóri Friðhafnarinnar frá árinu 2010. Hjú fyrirtækinu starfa um 130 manns og á sumrin bæstast við sjótiu til viðbótar. Ásta er með meistaraþróf í stjórnum og stefnumótun og doktorsþróf í alþjóðlegum viðskiptum.



ÞÓREY S. ÞÓRDARDÓTTIR (46 ára) framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. Þórey er með embættisþróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og með meistaraþróf í lögfræði frá Washington-háskóla í Bandaríkjunum.



ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR (47 ára) framkvæmdastjóri og eigandi Pizza Hut á Íslandi. Þórdís Lóa er félags- og fjölmiðlafræðingur og félagsráðgjafi með MBA-gráðu í alþjóðastjórnun.



GUÐRÚN HELGA LÁRUSDÓTTIR (70 ára) framkvæmdastjóri Stálskips frá árinu 1970. Guðrún starfar og rekur útgerðarfélagið ásamt eiginmanni sínum.



RANNEIG GUNNARSDÓTTIR (63 ára) forstjóri Lyfjastofnunar. Hjú Lyfjastofnun starfa um sextíu manns og heyrir stofnunin undir velferðarráðuneyti. Rannveig er menntaður lyfjafraeðingur.



ERNA GÍSLADÓTTIR (45 ára) forstjóri B&L. Hjú fyrirtækinu starfa um 140 manns. Erna er hagfræðingur og með MBA-próf frá Barcelona.



SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR (37 ára) forstjóri Já. Hjú fyrirtækinu starfa þrjátíu á skrifstofu og fjörutíu í þjónustuveri. Sigríður er með BS-gráðu í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri.



LIV BERGÞÓRSDÓTTIR (43 ára) forstjóri farsímafyrirtækisins NOVA. Í ársbyrjun voru starfsmenn Nova 110 talsins. Liv er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.



MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR (51 árs) framkvæmdastjóri Pfaff. Pfaff er í hópi 300 stærstu fyrirtækja landsins. Margrét er viðskiptafræðingur og með MBA-próf frá Stetson-háskóla í Bandaríkjunum.



